



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Gegnum formið sem leysist upp og hverfur

Ensk þýðing á Rafflesíublóminu eftir Steinar Braga

og umfjöllun um þýðinguna

Ritgerð til M.A.-prófs

Salka Guðmundsdóttir

Janúar 2011

Háskóli Íslands
Íslensku- og menningardeild

Þýðingafraeði

Gegnum formið sem leysist upp og hverfur

*Ensk þýðing á Rafflesíublóminu eftir Steinar Braga
og umfjöllun um þýðinguna*

Ritgerð til M.A.-prófs

Salka Guðmundsdóttir

Kt.: 250181-3459

Leiðbeinandi: Gauti Kristmannsson

Janúar 2011

Ágrip

Uppistaðan í verkefni þessu er ensk þýðing á sögunni *Rafflesíublómið* eftir Steinar Braga frá árinu 2009. Í fyrri hluta er fjallað um þýðingarferlið á fræðilegum forsendum og grundvallarspurningum þýðingafræðinnar, auk þess sem rýnt er í þýðingar á íslenskum samtímabókmenntum, stöðu þýddra skáldsagna fyrir fullorðna í hinum enskumælandi heimi og *Rafflesíublómið* staðsett í höfundarverki Steinars Braga. Skoðuð eru þrástef í verkum skáldsins, stílbrögð og möguleikar í þýðingu. Seinni hlutinn inniheldur sjálfa þýðinguna, *The Rafflesia Flower*.

Efnisyfirlit

I. hluti

Um þýðingarferlið frá fræðilegu sjónarhorni og í samhengi við höfundarverk Steinars Braga

1. Inngangur	6
2. Aðdragandi, íslenskar bókmenntir í þýðingum og viðhorf til þýðinga	7
3. Bresk/bandarísk enska	18
4. Um framandgervingu, aðlögun og hugmyndina um jafngildi	19
5. Um þýðingarferlið	25
6. <i>Rafflesíublómið</i> – helstu stef og stílbrögð með hliðsjón af öðrum verkum Steinars Braga	27
7. Greinarmerkjasetning	41
8. Bein ræða og hlutverk tungumálsins	43
9. Óvissa, upplausn og gliðnun	50
10. Tími, sagnorð og samspil hugsunar og tungumáls	54
11. Orðaleikir og tvíræðni	56
12. Viðtökur	57
13. Lokaorð	58
Heimildaskrá	59
Þakkir	62

II. hluti

The Rafflesia Flower – þýðing úr íslensku	63
---	----

I. hluti

Um þýðingarferlið frá fræðilegu sjónarhorni og í
samhengi við höfundarverk Steinars Braga

1. Inngangur

Þýðandinn hefur það merkilega og vandmeðfarna hlutverk að geta opnað dyr á milli menningarheima og fært lesendum viðtökumálsins brot af menningu frummálsins. Kveikjan að því meistaraprófsverkefni sem hér má lesa var löngun til að bæta við fátæklega flóru íslenskra samtímabókmennta í enskri þýðingu. Uppistaðan í verkefninu er þýðing mín á nóvellu Steinars Braga, *Rafflesíublóminu*, er birtist fyrst í þriggja sagna safninu *Himinninn yfir Þingvöllum* sem út kom hjá Máli og menningu árið 2009. Hér í fyrri hlutanum er fjallað um aðdraganda þýðingarinnar og stöðu þýðinga í enskumælandi löndum, auk þess sem sérstakur gaumur er gefinn að þýðingum íslenskra samtímabókmennta. Rætt er um grundvallarhugtök þýðingafræðinnar og hvernig þau má heimfæra upp á þýðinguna á *Rafflesíublóminu*. Textann verður óhjákvæmilegra að skoða í tengslum við önnur verk Steinars Braga; rýnt er í þrástef á borð við firringu hins vestræna nútímasamfélags, einmanaleika, dauða og aftengingu, sem og þau verkfæri sem höfundur beitir til að draga fram þessa áherslupætti. Eitt helsta einkennið á skáldsögum höfundarins er eins konar hægfara skynrof eða gliðnun á vitund persóna, sem endurspeglast í stíl og takti textans, og smitar út frá sér til lesandans. Þessa efnislegu og stílrænu gliðnun undirbyggir höfundur með framandgervingu á kunnuglegu umhverfi; *Rafflesíublómið* og fleiri sögur Steinars Braga gerast í eins konar skrumskældri Reykjavíkurborg sem er uppfull af feigð og einmanaleika. Í því ljósi verður hér fjallað sérstaklega um menningarlegt samhengi og staðhætti. Rýnt er í talsmáta persóna, en í stuttri og tiltölulega fámennri sögu hefur bein ræða jafnvel enn meiri vigt en ella og er eitt

beittasta tækið sem þýðandi hefur til að koma persónusköpun skáldsins til skila. Enn fremur er fjallað um tengsl tungumáls og hugsunar út frá kenningum um mótunaráhrif tungumálsins. Þar sem þýðingin fæddist nokkuð löngu á undan ritgerðarluta verkefnisins gefst einnig tækifæri til að fara yfir viðtökur og meta stöðu hennar sem sjálfstæðs verks.

2. Aðdragandi, íslenskar bókmenntir í þýðingum og viðhorf til þýðinga

Aðdraganda þessarar þýðingar minnar á *Rafflesíublóminu* eftir Steinar Braga má í raun rekja aftur til ársins 2005, þegar ég stundaði nám til M.Litt.-gráðu í skapandi skrifum við Glasgow-háskóla. Eftir að hafa starfað við þýðingar meðfram námi allt frá menntaskólaárunum hafði ég þróað með mér talsverðan áhuga á þýðingalistinni, stöðu hennar og sérkennum, sem og áhrifum þýðinga á tiltekin menningarsvæði; það hlutverk sem þýddar bókmenntir höfðu leikið í minni eigin lestrarupplifun allt frá barnæsku var greinilega mun meira að umfangi en hjá enskumælandi félögum mínum. Á árum mínum í Bretlandi vaknaði enn fremur hjá mér sérstakur áhugi á þýðingum íslenskra bókmennta yfir á ensku, en þegar kom að því að velja gjafir handa vinum þótti mér gaman að kynna þá fyrir íslenskri tónlist, kvikmyndalist og ekki síst bókmenntum. Ég tók því að grúska í því sem til var af íslenskum bókmenntum á ensku og komst að því að úrvalið var takmarkað og þýðingarnar misgóðar.

Raunar er erfitt að nálgast greinargóðar upplýsingar um íslenskar bókmenntir útgefnar á ensku. Hvergi er að finna gagnagrunn þess efnis; aftur á móti hafa verið teknir saman listar yfir íslenskar bókmenntir á þýsku, pólsku, frönsku og ítölsku, og eru þeir

aðgengilegir á vefsíðu sem helguð er þátttöku Íslands í bókasýningunni í Frankfurt 2011.¹ Nýlegasta skrá yfir íslenskar bókmenntir á ensku sem mér tókst að hafa upp á er listi Kenneths H. Ober yfir útgefnar þýðingar á árunum 1981-1992, en þrettán ár eru nú liðin frá útgáfu ritsins.² Áður hafði Ober tekið saman sams konar ritaskrár yfir áratugin á undan. Það kemur tæplega á óvart að þeir tveir íslensku höfundar sem mest er til eftir á ensku skuli vera Halldór Kiljan Laxness og Arnaldur Indriðason. Í kjölfar þess að Laxness hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1955 tók Magnús Magnússon heitinn til við þýðingar á verkum hans yfir á ensku. Á sjöunda áratugnum komu í fyrsta sinn út nokkrar skáldsögur Laxness í þýðingu Magnúsar; þær hafa síðan verið endurprentaðar og textinn endurskoðaður að einhverju leyti. Nú eru fáanlegar *The Atom Station*, *Paradise Reclaimed*, *The Fish Can Sing*, *Under the Glacier* og *World Light* í þýðingu Magnúsar Magnússonar, og árið 2003 kom út þýðing Philips Roughton á *Íslandsklukkunni*, *Iceland's Bell*. Roughton er einnig þýðandi *Vefarans mikla frá Kasmír* sem á ensku nefnist *The Great Weaver from Kashmir*. Þá er ótalin þýðing J.A. Thompson á þekktustu skáldsögu Laxness í hinum enskumælandi heimi, *Sjálfstæðu fólki* eða *Independent People*, sem hefur staðið óbreytt allt frá fyrstu prentun árið 1945.³

Endurskoðun og endurbætur á þýðingum vekja upp spurningar um stöðu þýddra texta. Okkur þykir eðlilegra að taka þýðingar til endurskoðunar en sjálfan frumtextann; gjarnan heyrst að tiltekin þýðing sé ef til vill of mörkuð af tíðaranda og úrelt að einhverju leyti. Með þessari röksemdafærslu er þó litið framhjá þeirri staðreynd að allur texti á sér

¹ „Íslenskar bókmenntir í þýðingum“, vefsíða.

² Ober, Kenneth H. *Bibliography of Icelandic Literature in Translation 1981-1992*.

³ Haraldur Sigurðsson, Sigríður Helgadóttir og Jökull Sævarsson. „Skrá um rit Halldórs Laxness á íslensku og erlendum málum“, aðgengileg á vefsíðu.

rætur í tilteknum tíma og á tilteknum stað – frumtexti verður ekki til í tómarúmi frekar en þýðing. Hvers vegna er frumtexti þá talinn „varanlegri“ en þýddur texti? Aftur á móti má einnig líta á þessa afstöðu okkar til þýðinga sem kost; hún gæðir textann ákveðnu flæði sem verður til þess að stöðugt er velt upp nýjum flötum á bókmenntaverkum (og þá einna helst svokölluðum „sígildum“ textum). Þegar nýr þýðandi tekst á við bókmenntaverk eða þýðing er tekin til endurskoðunar bætist enn við það sem kalla mætti verkið í heild sinni – frumtextann og allar þýðingar, aðlaganir og yfirfærslu í annað form, til dæmis leiktexta eða kvikmyndahandrit. Frá póststrúktúralísku sjónarmiði er „hvorki frumtextinn né þýðingin sjálfstæð merkingarleg heild“⁴, heldur tekur merkingarvið hvers texta til margþættra textatengsla og túlkunaratriða. Í póststrúktúralískum skilningi er þýðing „virk endurbygging á erlenda textanum sem sem markast af mál-, rök- og hugmyndafræðilegum muni [menningar frum- og viðtökumálsins] sem ekki er hægt að líta framhjá.“⁵

Af íslenskum samtímabókmenntum er lítið úrval á hinum enskumælandi markaði. Um miðjan tíunda áratuginn tók breska forlagið Greyhound Press sig til, gerði skurk í útgáfu íslenskra bókmennta og gaf út röð þýðinga á verkum samtímahöfunda á borð við Einar Kárason, Guðberg Bergsson og Ólaf Gunnarsson, en ritröðin sem bar yfirskriftina Shad Thames Books kom út í kjölfar íslenskrar listahátíðar við Essex-háskóla.⁶ Af þessari virðingarverðu ritröð eru enn til einhverjar hreytur en þær er þó frekar að finna í ferðamannahornum íslenskra bókabúða en í bókabúðum í Bretlandi.

⁴ Venuti, „Introduction“, 7.

⁵ Ibid., 10.

⁶ „Nú tíð og fortíð fléttuð saman“, grein aðgengileg á netinu.

Sem fyrr segir ber Arnaldur Indriðason höfuð og herðar yfir aðra samtímahöfunda þegar kemur að þýðingum yfir á ensku, en auk þess að hafa hlotið glæpasagnaverðlaunin Gullna rýtinginn árið 2005⁷ hefur Arnaldur notið góðs af þeirri tískubylgju norrænna glæpasagna sem enn lifir góðu lífi í Bretlandi sem og fleiri enskumælandi löndum. Sömmuleiðis hafa bækur Yrsu Sigurðardóttur um lögfræðinginn Þóru komið út á ensku og verið markaðssettar innan sama ramma. Höfundar á borð við Henning Mankell, Jo Nesbø, Stieg Larsson og Karin Fossum hafa náð mikilli útbreiðslu á síðustu árum. Þær vinsældir sem norrænar glæpasögur hafa notið í lestrarmenningu sem er alla jafna lítt gefin fyrir þýddar bókmenntir eru útskýrðar á nokkuð sannfærandi hátt af breska bókmenntarýninum John Crace. Annars vegar eiga þessar bækur sér kirfilegar rætur í hinni sígildu, bresk-evrópsku glæpasagnahefð – sem merkir að formið er aðgengilegt – og hins vegar eru þær skrifaðar inn í hæfilega framandi umhverfi sem vekur áhuga og spennu án þess að vera algjörlega ókunnugt.⁸ Stíllinn í bókum þeirra Hennings Mankell og Arnaldar, til að mynda, er afar hefðbundinn og lítt tilraunakenndur, sem aftur endurspeglast í þýðingum á texta þeirra. Hinn enskumiðaði lesandi þarf því ekki að reika óþægilega langt út af sínum kunnuglega slóða.

Breski þýðandinn Bernard Scudder, sem búsettur var á Íslandi um árabíl en lést sviþlega fyrir aldur fram árið 2007, hafði verið helsti þýðandi íslenskra bókmennta yfir á enska tungu í rúman áratug; auk þess að vinna að þýðingum á fornsögum Íslendinga þýddi hann meðal annars *Svan* Guðbergs Bergssonar og *Engla alheimsins* eftir Einar Má Guðmundsson fyrir fyrrnefnda ritröð Shad Thames Books. Að öðrum ólöstuðum var

⁷ „The CWA Gold and Silver Daggers 2005“, vefsíða.

⁸ Crace, „Move over, Ian Rankin“, grein aðgengileg á netinu.

Bernard líklega fjölhæfasti þýðandi samtímans úr íslensku yfir á ensku; áralöng búseta hans á Íslandi og áhugi á íslenskri menningu leiddu til þeirrar þekkingar á íslensku samfélagi er einkennir verk hans ásamt með ágætri stíltilfinningu. Ljóður þýðinga hans er ef til vill sá að ekki var alltaf tekin nægilega skýr ákvörðun um aðferðafræði; ef til að mynda er rýnt í *Grafarþögn* Arnaldar Indriðasonar, eða *Silence of the Grave* eins og hún nefnist á ensku, má sjá að þýðandinn velkist dálítið í vafa með samtöl, blæbrigði og orðaforða. Það er líkt og ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um það hversu langt skyldi ganga í að laga textann að bresku talmáli og þar af leiðandi lendir útkoman einhvers staðar mitt á milli hins framandgerða og hins kunnuglega. Samstarf Bernards Scudder við Arnald Indriðason verður engu að síður að teljast æði merkilegur kafli í þýðingarsögu íslenskra bókmennta. Bernard skildi eftir sig stórt skarð sem vart hefur tekist að fylla, enda ekki sérlega auðvelt að finna fólk sem býr bæði yfir næmni gagnvart texta og innihaldi, og hefur svo góð tók á máli og menningu þriðjundruð þúsund sála að geta þýtt jafnt fornar sem nýjar bókmenntir þeirra.

Við keflinu í glæpaþýðingunum hafa tekið þau Victoria Cribb og Philip Roughton, en fátt er til af íslenskum samtímabókmenntum á ensku sem ekki inniheldur lögreglumenn eða lík. *101 Reykjavík*, skáldsaga Hallgríms Helgasonar, fékk á sig hálfgerðan költ-blæ upp úr aldamótum og var meðal annars þýdd yfir á ensku af Íranum Brian Fitzgibbon; vinsældir sögunnar – og samnefndrar kvikmyndar – fóru saman við og voru í raun ákveðinn hluti af þeirri svölu, uppblásnu ímynd lands og þjóðar sem tröllreið umfjöllun um íslenskt menningarlíf á erlendri grundu upp úr árþúsundamótum, áður en landið varð þekktara fyrir vafasama bankamenn en skæslegar barflugur.

Bandarískir útgefendur sem stíla inn á hinn stærri markað telja það almennt sérlega ómarkaðsvænt að kynna bók sem þýðingu⁹; það er nokkuð núturleg staðreynd að þýðanda skáldsagna Ólafs Jóhanns Ólafssonar (sem kallar sig Olaf Olafsson í Bandaríkjunum) er hvergi getið sem slíks, heldur honum einungis þakkað á kreditsíðu. Þannig er gefið í skyn að Ólafur hafi sjálfur þýtt textann ellegar upprunalega ritað hann á ensku, enda er nánast ómögulegt að nálgast nokkrar upplýsingar um þýðandann. Fráfælingarmáttur þýðinga er greinilega metinn ofar vinnu og heiðri þýðandans.

Í Bretlandi gáfu Telegram Books út *Skugga-Baldur* eftir Sjón í kjölfar þeirrar athygli sem bókin fékk á alþjóðlegum vettvangi vegna Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2005. Fyrirnefnd Victoria Cribb þýddi *Skugga-Baldur*, eða *The Blue Fox*, og fangar afar vel þann knappa, ljóðræna stíl sem gerir bók Sjóns að því listaverki sem hún er. Bókin kom út í kilju og skartar tilvitnun í Björk Guðmundsdóttur á kápunni, enda í allri markaðssetningu gert út á textavinnu Sjóns fyrir Björk og tengsl hans við íslenskan tónlistarheim, sem er ef til vill vænlegra til að vekja athygli í Bretlandi en skírskotanir í norræn bókmenntaverðlaun. Nýlega kom einnig út í Bretlandi *Heaven and Hell*, þýðing Philips Roughton á *Himnaríki og helvíti* Jóns Kalmans Stefánssonar. Tvær bækur Braga Ólafssonar hafa enn fremur komið út hjá háskólaforlagi í Bandaríkjunum; fyrst þýddi Janice Balfour *Gæluðýrin* og nú síðast kom út þýðing Lyttons Smith á *Sendiherranum, The Ambassador*. Það sem athygli vekur við þá síðarnefndu er að þýðandinn skuli hafa valið að framandgera textann upp að vissu marki; hann gengur stundum svo langt að þýða íslensk

⁹ Valgerður Benediktsdóttir, munnleg heimild.

orðtök og orðaleiki beinum orðum¹⁰ og eyðir litlu púðri í að útskýra samhengi textans. Lesendum er látið eftir að finna samhengið sjálfir, ellegar njóta þýðingarinnar sem nokkuð framandlegs texta. Ákvörðunin er greinilega meðvituð, og staðsetur þýðinguna ef til vill í þeirri framandgervingarhefð sem Venuti telur eiga rétt á sér í dag; „markvisst menningarlegt inngrip í núverandi ástand heimsmála sem beinist gegn hinni ráðandi enskumælandi þjóð og þeim ójöfnu menningarskiptum sem hún stundar gagnvart *hinum* í hnattrænu samhengi.“¹¹ Venuti gerir skýran greinarmun á þessari menningarpólítísku ákvarðanatöku og framandgervingarstefnu fyrri alda, sem tíðkaðist til að mynda hjá þjóðverjum á klassíska og rómantíska tímabilinu, en bendir á að með póstrúktúralismanum hafi framandgervingin öðlast nýtt vægi.¹² Eitt af því sem áhrif getur haft á ákvarðanir þýðandans er vissulega það umhverfi sem þýðingunni er ætlað í bóksölulandslagi viðtökulandsins. Þegar bók sem fellur undir skilgreininguna „fagurbókmenntir“ er gefin út hjá háskólaforlagi – væntanlega með nokkuð vel lesinn markhóp í huga – er klárlega meira rými til að taka áhættu í þýðingarferlinu en þegar gefa skal út glæpasögu í svokallaðri „mass market paperback“ sem fær mikla dreifingu.

Þegar litið er á þær íslensku nútímabókmenntir sem þýddar hafa verið á erlend tungumál kemur strax í ljós hversu höllum fæti enskan stendur. Á frönsku er hægt að lesa Auði A. Ólafsdóttur, Steinunni Sigurðardóttur, Ólaf Hauk Símonarson, Jón Hall Stefánsson, Jón úr Vör, Guðrúnu Evu Mínerudóttur og Einar Kárason, svo örfáir séu nefndir. Þýsk bókaútgáfa hefur lengi lagt mikla rækt við þýðingar og af höfundum sem til eru í þýskri

¹⁰ Kravec, „A Novel, A Translation and Unapologetic Plagiarisms“, grein aðgengileg á netinu.

¹¹ Venuti, *The Translator's Invisibility*, 20. [Þýðing mín. Ath.: Allar þýðingar á tilvitnunum úr ensku eru mínar]

¹² Ibid., 20.

Þýðingu má nefna Huldur Breiðfjörð, Kristínu Steinsdóttur, Gerði Kristnýju, Andra Snæ Magnason, Vigdísu Grímsdóttur, Þórarín Eldjárn, Kristínu Mörju Baldursdóttur, Auði Jónsdóttur, Sigurbjörgu Prastardóttur og einnig Steinar Braga. Bókmenntir íslenskra höfunda eiga nokkuð greiða leið inn á þýskan markað og hefur markaðsstarf réttindaskrifstofa forlaganna skiljanlega einkennst nokkuð af því. Auk þess er fyrirhugaður heiðursess Íslands á bókasýningunni í Frankfurt 2011 líklega besta kynning sem íslenskar bókmenntir hafa fengið á erlendri grundu, en bókasýningin er stærsta bókasýning og bókakaupstefna heims.¹³

Það er þó sannarlega ekki hægt að kenna áhugaleysi íslenskra bókaforlaga um það hversu fábrotið úrval íslenskra nútímabókmennta er til á ensku. Á sama tíma og áhrif ensku og enskumiðaðrar menningar hafa breiðst út um heiminn hefur hlutur þýðinga í bókmenningu enskumælandi þjóða haldið áfram að skerðast. Venuti bendir á að strax eftir seinna stríð hafi breskir og bandarískir útgefendur raunar gefið út talsvert af þýðingum úr evrópskum málum, og notfært sér bæði forvitni lesenda um aðrar þjóðir sem og þá almennu áherslu tíðarandans að bætt samskipti og skilningur þjóða á milli gætu orðið til þess að skapa mannkyninu friðsamlegri lífsskilyrði. Leiðin lá þó fljótt niður á við. Í grein sinni um hlut þýðinga í bandarískri bókmenningu undirstrikar Aviya Kushner þá staðreynd að þrátt fyrir að verk skrifuð á ensku um framandi menningarheima vekji gjarnan athygli séu þýdd verk um svipað efni sjaldséð á metsölulistum, og í risavöxnum bókabúðum sé stundum erfitt að finna eina einustu þýðingu. Einnig er áhugavert að þrátt fyrir að sprenging hafi orðið í útgáfu bóka eftir tvítyngda höfunda velja þessir höfundar

¹³ „Ísland í Frankfurt 2011“, vefsíða.

nánast undantekningarlaust að skrifa á ensku og ná þannig til breiðari markhóps.¹⁴ Þannig verður fjöltengt samfélag einmála í bókmenningu sinni. Chad W. Post hjá Open Letter, bandarískum útgefanda Braga Ólafssonar, bendir á að þýðingum fækki ört milli ára; hann hefur tekið saman fjölda nýrra útgefina þýðinga á skáldverkum fyrir fullorðna í Bandaríkjunum og nefnir sem dæmi að þeim hafi fækkað úr 362 árið 2008 í 217 árið 2010.¹⁵ Samkvæmt tölum frá 2005 voru 3.54% útgefina skáldverka fyrir fullorðna í Bandaríkjunum þýðingar.¹⁶ Í Bretlandi árin 2007-2008 var sambærileg tala 3%,¹⁷ þannig að ekki er hægt að kenna hinu meinta lága menningarstigi Bandaríkjamanna um. Raunar koma út færri þýðingar á breskum bókamarkaði en í nokkru öðru Evrópulandi.¹⁸ Á sama tíma voru þýðingar 66% útgefina skáldverka í Finnlandi, 70% í Slóvakíu, 21,5% í Þýskalandi og 35% á Spáni¹⁹, þrátt fyrir að síðastnefnda landið hafi aðgang að gífurlegum fjölda bóka frá Suður- og Mið-Ameríku á þessu útbreiddasta ríkismáli sínu. Því dugir enginn einn tölfræðilegur áhrifabáttur til að útskýra þennan þennan gríðarlega mun; hvorki fólksfjöldi, útbreiðsla tungumálsins né landfræðileg staðsetning. Munurinn hlýtur að liggja í rótgróinni menningarlegri hefð – eða skorti á hefð – og viðhorfum til þýðinga. Í minni málsamfélögum hér á Vesturlöndum eru þýðingar – í báðar áttir – ekki aðeins æskilegar heldur nauðsynlegar dyr út í umheiminn. Ungverska leikskáldið András Nagy orðar það sem svo: „Þar sem við eigum okkur stórkostlegt og algjörlega einangrað tungumál ... tungumál sem opnast vart öðrum en þeim sem fæðast Ungverjar, er menning

¹⁴ Kushner, „McCulture“, grein aðgengileg á netinu.

¹⁵ Post, „New Year, New Databases, New Numbers“, grein aðgengileg á netinu.

¹⁶ Kushner, „McCulture“.

¹⁷ Fock et al., *Comparative income of literary translators in Europe*, 4.

¹⁸ Hale og Upton, „Introduction“, 1.

¹⁹ Fock et al., *Comparative income of literary translators in Europe*, 4.

okkar af nauðsyn bundin þýðingu.“²⁰ Samskipti einangraðri málsamfélaga við umheiminn fela óhjákvæmilega í sér þýðingar af ýmsum toga. Eins og Michael Cronin segir snúast þýðingar ekki aðeins um það hvernig við fáumst við önnur tungumál heldur einnig hvernig við upplifum og hugsum um okkar eigið mál.²¹ Í hinum enskumælandi og enskumiðaða heimi virðist ríkja einangrunartilhneiging sem hlýtur að einhverju leyti að mega rekja til þeirrar skoðunar að hinn enskumælandi heimur sé sjálfum sér nægur. Jafnvel þýðendur hafa haldið því fram að „ensk ljóðlist sé nægilega ríkuleg til að hafa litla þörf eða rými fyrir viðbætur í formi þýðinga.“²² Í þeim miklu kanónustríðum sem geisðu á enskumælandi bókmenntavelli undir lok tuttugustu aldar var kallað eftir því að hætt væri að útiloka höfunda sökum „kynþáttar, stéttar, kyns eða kynhneigðar.“²³ Hins vegar var ekki reynt að sama marki að opna kanónuna fyrir þýddum bókmenntum, sem enn eru víða felldar undir „heimsbókmenntir“ í sérmerktum háskólakúrsum í stað þess að þær séu settar í samhengi við bókmenningu viðkomandi málsamfélags og staða þeirra í viðkomandi menningu skoðuð.²⁴ Þýðingar eru hálfgerð olnbogabarn í bókmenntaumræðunni í stærstu enskumælandi samfélögum nútímans.

Því kynni einhver að spyrja: Hvers vegna að velja sér verkefni á svo þröngu og takmörkuð sviði? Hvers vegna ekki að halda sig við þýðingar yfir á íslensku – mitt eigið móðurmál – þar sem verkefnin eru næg? Samfara því að ég fór að velja fyrir mér enskum þýðingum á íslenskum bókmenntum vann ég sjálf að skrifa á ensku og kynntist Michael

²⁰ Nagy, „A Samovar Is A Samovar Is A Samovar“, 152.

²¹ Cronin, *Translation and Identity*, 30.

²² *Ibid.*, 31.

²³ *Ibid.*, 31.

²⁴ *Ibid.*, 31.

Schmidt, mexíkósk-bresku ljóðskáldi, útgefanda og þýðanda sem var yfirkennari minn í skapandi skrifum. Mig langaði að prófa mig áfram með þýðingar yfir á ensku en var tvístígandi vegna þeirrar sterku hefðar að fólk þýði yfir á eigið móðurmál. Michael hvatti mig hins vegar til dáða og benti mér á þá kosti sem fylgdu því að þýða úr móðurmálinu yfir á manns annað mál. Meðal annars komu til tals þeir þættir sem mér virtust öðrum fremur spilla fyrir annars ágætum þýðingum á íslenskum bókmenntum; skilningur á íslensku nútímasamfélagi og tilfinning fyrir talmáli, samskiptamynstri og óformlegri tjáningu. Prófsteinn á þessar tilraunir mínar varð síðan eitt af verkefnum mínum í náminu, þegar ég þýddi tvær smásögur eftir foreldra mína, þau Olgu Guðrúnu Árnadóttur og Guðmund Ólafsson, og hlaut hæstu einkunn fyrir auk afar gagnlegrar umsagnar. Ég tel að það geti reynst ákveðinn kostur að koma „hinum megin“ að þýðingunni; hafa önnur tengsl við þýðingarmálið en flestir aðrir þýðendur íslenskra bókmennta. Sú staðreynd að svo lítið skuli vera þýtt yfir á ensku er í raun fremur hvatning en hitt. Það er talsvert af góðum nútímaskáldsögum sem eiga fullt erindi við enskumælandi lesendur en hafa ekki verið þýddar, og í því felst ákveðið sóknarfæri. Smæð íslensks samfélags kemur þýðandanum enn fremur til góða; aðgengi að forleggjum og höfundum er gott og auðvelt að koma hugmyndum á framfæri. Ég hafði starfað í lausamennsku fyrir Forlagið um nokkurra ára skeið þegar ég setti mig í samband við Silju Aðalsteinsdóttur vorið 2009 og leitaði hofanna um handrit til þýðingar, sem verið gæti uppistaðan í lokaverkefni mínu við Háskóla Íslands. Ég nefndi engin nöfn höfunda en viðurkenni fúslega að efst voru á blaði þau Steinar Bragi og Guðrún Eva Mínervudóttir. Silja brást snarlega við og sendi mér nafnlaust handrit um hæl. Eftir lesturinn tók ég boðinu með ánægju, fékk að vita að höfundurinn

væri Steinar Bragi (sem lá raunar sterklega undir grun allt frá fyrstu síðu) og hófst handa við greiningu og grófbýðingu á textanum.

3. Bresk/bandarísk enska

Sú enska sem mér er tamt að nota í samskiptum sem og ritmáli er bresk; eftir að hafa flutt til Bretlands rúmlega tvítug með nokkuð blandaða ensku í farteskinu – úr bókum, sjónvarpi, kvikmyndum og samskiptum við enskumælandi fólk af ýmsum uppruna – var ég nokkuð fljót að skipta yfir í breskan orðaforða, með velskum og skoskum tilbrigðum eftir því hvar ég bjó hverju sinni. Við upphaf þýðingarferlis *Rafflesíublómsins* tók ég þá ákvörðun að halda mig við breskan orðaforða og stafsetningu í stað þess að elta uppi einhvers konar „hlutlausan“ milliveg sem gæti á endanum orðið mér til trafala og gert þýðinguna flatari en ella. Þegar þýðingin var nokkurn veginn fullunnin gerðist það hins vegar að umboðsmaður Steinars Braga í Bandaríkjunum óskaði eftir því að fá afrit af textanum til kynningar á höfundinum hjá bandarískum forleggjurum. Ég brá á það ráð að yfirfara þýðinguna og búa til aðra útgáfu þar sem ákveðnum orðum var breytt til móts við bandaríska ensku, sem og orðalagi eða uppbyggingu setninga á nokkrum stöðum þar sem mér þótti of breskur blær á. „Lift“ varð til að mynda að „elevator“, „flat“ að „apartment“, „pavement“ að „sidewalk“ og ou-stafsetningu var breytt í hina bandarísku o-stafsetningu í orðum á borð við „colour“/„color“. Þegar þýðingin kom út í tveimur hlutum í bókmennta- og menningarritinu *Hayden's Ferry Review* við Arizona-háskóla, vor og haust 2010, las ritstjóri þýðinguna yfir og gerði smávægilegar breytingar í sama dúr en þó mun veigaminni en ég bjóst við; ritstjórnarstefna *Hayden's Ferry Review* reyndist vera sú að gefa

þýðendum mikið svigrúm til að velja verkum sínum stíl, í stað þess að hætta á að gera þýðingarnar eintóna. Í kjölfar þessarar útgáfu birtist mér raunar afmarkaður en afar frjór menningarvettvangur þar sem þýðingar eiga mun auðveldara uppdráttar en almennt í norður-amerískri bókaútgáfu; bókmenntarit og háskólaútgáfur leggja talsverða áherslu á að kynna erlenda höfunda fyrir lesendum sínum og skipar þýðandinn nokkuð stóran sess í umfjöllun og kynningu. Á svipuðum nótum er til að mynda safnritið *Best European Fiction 2011* sem bandarísk-breski útgefandinn Dalkey Archive Press gefur út og inniheldur smásögu eftir Kristínu Eiríksdóttur, en yfirlýst stefna ritraðarinnar er að færa enskumælandi lesendum og höfundum nýjustu stefnur og strauma í evrópskum bókmenntum, með það að markmiði að rjúfa þá einangrun sem hefur lengi einkennt enskumælandi svæði.²⁵

4. Um framandgervingu, aðlögun og hugmyndina um jafngildi

Ein stærsta ákvörðunin sem þýðandi stendur frammi fyrir við útfærslu verks er hin alræmda spurning um framandgervingu ellegar aðlögun, sem verið hefur í brennidepli mestallrar fræðilegrar umfjöllunar um þýðingar um aldaraðir. Schleiermacher talaði í upphafi nítjándu aldar um að annað hvort skyldi færa höfundinn til lesandans eða lesandann til höfundarins,²⁶ og hélt því fram að kostirnir væru algjörlega aðgreindir pólur og ekki væri neitt svigrúm til að fara millivegin. Á tuttugustu öldinni setti Nida fram þá staðhæfingu að nákvæmni í þýðingum fælist í því að ná fram jafngildum áhrifum í

²⁵ „Collection: Best European Fiction Series“, vefsíða.

²⁶ Schleiermacher, „On the Different Methods of Translating“, 230.

menningu þýðingarmálsins, og gekk svo langt að orða kenninguna sem svo að viðtakendur þýðingar ættu að skilja þýddan texta þannig að þeir skildu hvernig upprunalegir viðtakendur hefðu skilið frumtextann.²⁷ Sá sem gengst þessari kenningu á hönd verður að gefa sér þær forsendur að til sé einn viðtekinn skilningur á texta, og að í ólíkum málsamfélögum fyrirfinnist eitthvað sem kalla má algert jafngildi. Einnig er horft framhá því að merkingarsvið hvernar menningar er kvikt fyrirbæri í stöðugri félagsmótun.²⁸ Málið flækist því um leið og meta á í hverju svokallað menningarlegt jafngildi felst; hvernig má til dæmis „þýða“ þá stöðu sem tilteknir þjóðfélagshópar hafa í samfélagi frumtextans yfir í samfélag þýðingarmálsins? Enn fremur er skynjun fólks á ákveðnum hópum – staðalmyndir, fyrirfram viðtekin flokkun, hugrenningatengsl – gjarnan háð eigin menningu. David Katan bendir á að umhverfi og landfræðileg staðsetning séu ein af þeim leiðum sem við notum hvað mest við að flokka aðra, hvort sem við höfum haft nokkur raunveruleg afskipti af viðkomandi hópi eður ei.²⁹ Við skiptum fólki í „okkur“ og „þau“, og víða ríkir togstreita milli landshluta, hverfa eða borga sem vekur upp sterk hugrenningatengsl þegar viðkomandi staðir koma fram í texta. Klisjur eru eins konar menningarlegir flýtihnappar; þau hughrif sem þær vekja í tilteknu samfélagi geta vart átt sér jafngild hughrif í öðru samhengi. Katan tekur dæmi um *Essex-stelpuna* (Essex girl) sem í Bretlandi hefur stöðu eins konar erkitýpu; Essex-stelpa er hávær, skyni skroppin brussa sem sefur hjá hverjum sem er.³⁰ Hvernig ætti til að mynda að þýða hugmyndina um Essex-stelpuna yfir í íslenskt samfélag? Hugtakið felur í sér svo miklu meira en þessi stutta

²⁷ Venuti, *The Translator's Invisibility*, 22.

²⁸ Steiner, *After Babel*, 91.

²⁹ Katan, *Translating Cultures*, 46.

³⁰ *Ibid.*, 47.

útskýring gefur til kynna. Inn í spila meðal annars þjóðfélagsstaða í stéttskiptu samfélagi, aðrar viðteknar erkitýpur og stærra menningarlegt samhengi. Það er því hæpið að halda því fram að hægt sé að finna algjörlega jafngildan merkimiða í öðru samfélagi; raunar þarf ekki að fara tungumála á milli til að lenda í sömu kröggum heldur nægir að bera saman menningu Bandaríkjamanna og Ástrala, eða Chilebúa og Spánverja, til að sjá hversu mikil vandkvæði eru í reynd á jafngildishugmyndinni. Ákveðnar upplýsingar eru settar fram á fyrirfram gefnum forsendum í samhengi viðkomandi menningar.³¹ Pólski leikstjórinn og leikritabýðandinn Szczędna Klaudyna Rozhin út skýrir hugtakið „realia“ á þennan hátt: „[o]rð og orðasamsetningar sem tákna hluti og hugmyndir sem einkenna lífsmáta, menningu, félags- og sagnfræðilega þróun einnar þjóðar og eru framandi annarri þjóð.“³² Rozhin bendir þýðandanum á ýmsar aðferðir til að leysa vandamál tengd menningarlegum sérkennum; það megi breyta samhenginu, skipta út viðkomandi orði eða orðasambandi fyrir „hlutlaust“ hugtak, bæta við útskýringu eða þýða það einfaldlega beint og kynna málheim þýðingarinnar fyrir nýrri hugmynd. Rozhin er þó mishrfin af þessum leiðum og telur enga þeirra algilda eða fullkomna.³³ Eins og Bassnett-McGuire segir verður að gera ráð fyrir ákveðnum „menningarlegum óþýðanleika“ í hverri einustu þýðingu.³⁴

Á hinn bóginn er varhugavert að líta einfaldlega á það sem tap að ákveðnar upplýsingar skuli ekki komast til skila á sama hátt í þýðingu og í frumtexta. Menningarlegt gildi þýðingar hlýtur alltaf að verða annað í hinu nýja samhengi en í því samfélagi sem frumtextinn sprettur úr; hún er nýr flötur á ákveðnu verki og hluti af stærri heildarmynd,

³¹ Katan, *Translating Cultures*, 130.

³² Rozhin, „Translating the Untranslatable“, 140.

³³ Ibid., 139-141.

³⁴ Bassnett-McGuire, *Translation Studies*, 34.

eins og tæpt var á hér að ofan. Ef farið er að þeirri aðlögunarstefnu sem Nida leggur til er gengið mjög langt í þjónkun við þýðingarmálið og menningu þess; í stað þess að þýðing sé gerð á forsendum frumtextans og verksins sjálfs er verið að troða henni inn í annað menningarsamhengi með valdi. Venuti lýsir því sem svo að hér sé ekki um boðskipti eða tilfærslu á upplýsingum að ræða heldur sé verið að sölsa erlendan texta undir sig til heimabruks.³⁵ Sjálf er ég höll undir tilraunir Venutis til að þróa fræðilegan sem og praktískan vinkil á þýðingar sem veitir ráðandi menningargildum þýðingarmálsins ákveðna andspyrnu, með það að markmiði að draga fram mál- og menningarlegan framandleika textans.³⁶ Susan Sontag deildi á ríkjandi aðlögunarstefnu í frönskum þýðingum og setti spurningamerki við hugmyndina um „læsileika“:

Þegar ég heyri að bók eftir mig eða einhvern annan sé nú mjög læsileg á frönsku, þökk sé framlagi þýðandans, veit ég að bókin hefur verið endurmótuð samkvæmt viðteknum hefðum fransks nútímaprósa (og yfirleitt ekki þeim vönduðustu). En þar sem prósin minn er ekki alltaf hefðbundinn í hryn sínum eða orðavali get ég verið viss um að því hefur ekki verið komið til skila á frönsku.³⁷

Enn fremur er nauðsynlegt að líta á textann í heild sinni og öðlast tilfinningu fyrir blæ hans, stíl og uppbyggingu áður en hægt er að taka afstöðu til mjög einangraðra þátta. Susan Bassnett-McGuire heldur því fram að þýðingar á skáldskap séu oft því marki brenndar að þýðendur hafi lagt of mikla áherslu á að búa til „læsilegan“ texta á þýðingarmálinu, til þess að forðast þann stirðleika sem hlotist getur af of mikilli fylgispekt við setningabyggingu frummálsins, en gleymi að líta til þess hvernig einstaka setningar

³⁵ Venuti, *The Translator's Invisibility*, 22.

³⁶ Ibid., 23.

³⁷ Sontag, „The World as India“, grein aðgengileg á netinu.

falla inn í heildina.³⁸ Hins vegar verður að gera afar skýran greinarmun á því að taka meðvitaðar ákvarðanir um stílbrögð og á því þegar þýðing er slælega unnin og hinn alræmði „þýðingarbragur“ litar textann allan, þannig að hann verður skrykkjóttur aflestrar og setningabygging órökrétt á þýðingarmálinu. Þegar talað er um trúnað við textann stinga nefnilega upp kollinum vandamál sem í raun spretta úr sama jarðvegi og vandkvæði tengd aðlögunarstefnu; eins og Barnstone bendir á gengur hugmyndin um fullkominn trúnað einnig út frá því – í raun úr hinni áttinni – að til sé fullkomið jafngildi, að til sé jafnan „A = A“³⁹ í tveimur tungumálum. Líkt og Barnstone segir er aldrei jafnræði milli frumtexta og þýðingar, meðal annars af þeirri ástæðu að „merking ólíkra tungumála getur skarast, en aldrei farið algjörlega saman; á sama hátt er hljómur hvers tungumáls ólíkur hljómi annarra mála.“⁴⁰ Það er því nokkuð rökrétt að fallast á þá staðhæfingu Barnstones að best sé að sætta sig við það í eitt skipti fyrir öll að ekki sé til sá texti sem þýða megi „fullkomlega“.⁴¹ Það liggur í eðli boðskipta og mannlegs samfélags. Hugmyndin um „nákvæmni“ í bókmenntaþýðingum hlýtur að fela í sér að hægt sé að leggja mat á meinta nákvæmni; eins og Johnston bendir á hvílir sú afstaða að þýðingar séu eftirlíking eða afrit af upprunalegum texta á afar stöðnuðu viðhorfi til tungumálsins.⁴² Hlutverk þýðandans er að „færa upplýsingar milli tungumála“⁴³, þýðingar eru í raun „meta-samskipti“⁴⁴ sem vísa í margar áttir, og útgangspunkturinn má ekki vera sá að þýðandi eigi að endurskapa

³⁸ Bassett-McGuire, *Translation Studies*, 115.

³⁹ Barnstone, *The Poetics of Translation*, 42.

⁴⁰ *Ibid.*, 42.

⁴¹ *Ibid.*, 42.

⁴² Johnston, „Translation as Simulacrum“, 43.

⁴³ Barnstone, *The Poetics of Translation*, 260.

⁴⁴ Hermans, *The Conference of the Tongues*, 119.

frumtextann á fullkominn hátt fyrir hinn fullkomna lesanda.⁴⁵ Í vinnu þýðandans felst óhjákvæmilega túlkun; þýðandinn er lesandi höfundar og síðan sjálfur höfundur sem skrifar fyrir lesanda.⁴⁶ Sú greiningarvinna sem þýðandinn framkvæmir – hversu markviss sem hún annars er – hlýtur alltaf að vera túlkun á frumtextanum sem litast af öllum ákvörðunum (eða skorti á ákvörðunum) frá þýðandans hendi. Hjá því verður ekki komist að hann eigi rödd í textanum, skilji eftir sig það sem Paloposki kallar „fótspor“.⁴⁷ Líkt og Bassnett-McGuire útskýrir nálgast þýðandinn verkið í gegnum fleiri en eitt mállegt kerfi og túlkun hans litast bæði af frummálinu og þýðingarmálinu. Enn fremur hlýtur þýðingin að „endurspegla skapandi túlkun sjálfs þýðandans á frumtextanum.“⁴⁸ Það er þessi túlkun sem gerir þýðingarferlið spennandi og lyfti því upp á annað plan; þýðingar eru ekki einungis þjónusta við annarra verk heldur sköpun.

Þegar upp er staðið verð ég að vera ósammála félagi Schleiermacher; sú leið sem mér þótti henta best við þýðingu á Rafflesíublóminu var í raun blönduð. Það er trú mín að þýðing eigi ekki að hafna sjálfri sér og láta sem hún sé ekki þýðing; það er jú nokkuð augljóst við lestur flestra þýðinga að þær spretta úr öðrum menningarheimi og þar af leiðandi er einkennilegt að reyna að bæla niður öll „erlend einkenni“ á textanum. Ég tek undir þá skoðun Venutis að þegar of mikil áhersla er lögð á „eðlileika“ og látið eins og merkingarlegu jafngildi sé náð sé verið að draga úr eða jafnvel útmá þann mun sem þýðingunni er ætlað að koma til skila.⁴⁹ Gildi þýðinga liggur ekki aðeins í

⁴⁵ Barnstone, *The Poetics of Translation*, 261.

⁴⁶ Ibid., 232.

⁴⁷ Paloposki, „Limits of Freedom“, 191.


⁴⁸ Bassnett-McGuire, *Translation Studies*, 80.

⁴⁹ Venuti, *The Translator's Invisibility*, 21.

sameiningarkraftinum heldur sérstöðunni.⁵⁰ Annars vegar reyndi ég að halda í viss stílræn sérkenni höfundarins, eins og vikið verður betur að síðar, en hins vegar gæta þess að textinn rynni vel á ensku, væri sjálfstætt verk og ekki óaðgengilegur.

5. Um þýðingarferlið

Líkan Nida af þýðingarferlinu má auðveldlega heimfæra á vinnu mína að þýðingunni á *Rafflesíublóminu*:



Þegar ég hófst handa við lestur á frumtexta og síðan hráþýðingu – eins konar atögu að þýðingunni – var sjálf sagan ekki fullunnin heldur á ritstjórnarstigi. Ég fékk því að fylgjast með því hvernig frumtextinn þróaðist í samvinnu höfundar og ritstjóra, fékk nokkrar útgáfur af sögunni til vinnslu og sá hvernig áherslur smám saman skýrðust og textinn varð meitlaðri. Það voru talsverð forréttindi að fá að vinna með textann á þessu stigi málsins; bæði fékk ég lengri tíma til að melta hann og öðlaðist skýrari sýn á það hver þungamiðja

⁵⁰ Cronin, *Translation and Identity*, 121.

⁵¹ Bassnett-McGuire, *Translation Studies*, 16.

sögunnar var, hvað höfundurinn vildi draga fram. Vinnuferlið var því um margt ólíkt því sem ég á að venjast – að fá sent tilbúið handrit sem ýmist er þegar komið út eða bíður útgáfu, og vinna þýðinguna alfarið á eigin spýtur allt þar til hún fer í hendur prófarkalesara. Við það að fylgjast svo náið með tilurð frumtextans fékk ég smám saman þá heildarsýn á textann sem er ekki sjálfgefið að öðlast þegar fyrir liggur knappur skilafrestur og lítið ráðrúm til yfirlegu. Þegar mér hafði borist endanlegt handrit frumtextans tók lokaspjetturinn við og á því stigi fékk ég vel skrifandi breska vini til að lesa þýðinguna yfir.

Fyrir þýðandann er afskaplega mikill kostur að hafa aðgang að öðrum verkum höfundar. Bæði öðlast þýðandinn skarpari tilfinningu fyrir stíl skáldsins og eins verður hann meðvitaðri um þau stef sem eru skáldinu hugleikin. Eftir að ég hafði hráþýtt fyrstu útgáfu *Rafflesíublómsins* og áður en ég tók til við markvissari nákvæmnisvinnu las ég (ýmist í fyrsta eða annað sinn) öll útgefin verk Steinars Braga og leit á það sem mikilvægan hluta af vinnuferlinu. Í kjölfarið var aðkoma mín að *Rafflesíublóminu* hnitmiðaðri; ég átti mun auðveldara með að finna mína eigin nálgun og áherslur. Í heimi hins hraða og oft hroðvirknislega útgáfubransa gefst að sjálfsgöðu ekki alltaf tími til slíkrar yfirlegu. Kjöraðstæður þýðandans eru hins vegar að hafa ráðrúm til að kynna sér heildarmyndina og lesa sér til.

6. *Rafflesíublómið* – helstu stef og stílbrögð með hliðsjón af öðrum verkum

Steinars Braga

Þegar staðsetja á *Rafflesíublómið* í höfundarverki Steinars Braga kemur fljótt í ljós að í þessari tiltölulega stuttu sögu vinnur hann áfram með ýmis stef úr fyrri verkum. Hún kallast í raun á við allar fyrri bækur höfundarins að einhverju marki, bæði efnislega og stílrænt séð, en á það sammerkt með *Konum* að vera hnitmiðaðri og strípaðri en þær sem á undan komu. Eitt helstu einkenna á skáldskap Steinars Braga er sú tilfinning, sem stigmagnast í textanum, að í aðsigi sé eitthvað hörmulegt og óumflýjanlegt. Það er feigð falin í textanum og uppbyggingu hans. Allsráðandi er einmanaleiki manneskjunnar sem reynir af vanmætti að finna einhvers slags tengingu við annað fólk, en flýr á sama tíma allt sem heitið getur sönn tilfinning. Emil, aðalpersónan í *Rafflesíublóminu*, lifir í sjálfskapaðri einangrun í íbúð látins afa síns; raunar á hann erfitt með að átta sig á því hvort hann hafi raunverulega valið sér þessa tilveru eða einungis eins og liðið inn í hana á ómarkvissri ferð sinni gegnum lífið. Veröld Emils markast af samskiptaleysi, einveru og doða. Hann á að vera að vinna að háskólaritgerð og reynir þannig að réttlæta það hvernig hann hefur lokað á umheiminn, en hann nær ekki tengslum við eigin hugsanir og ritgerðin verður jafn fjarlæg og óskýr og annað í umhverfi hans. Aðdráttaraflið fyrir stelpuna er raunar þessi sama kyrrstaða: „Ég fer út og væflast um og allt breytist, hlutir gerast, skilurðu, í umheiminum, en ekki hérna, hérna breytist ekkert.“⁵² Tilvera persónunnar Emils er bæði afmörkuð andlega og efnislega; íbúðin á Ljósvallagötu sem snýr út að gamla kirkjugarðinum verður tákn fyrir smækkaða, þrönga tilveru. Veggir hennar eru Emil bæði

⁵² Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 52.

skjól og fangelsismúrar. Í verkum Steinars Braga má víða sjá viðlíka afmörkun á rými. Í Sherlock Holmes-paródíunni *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins* er það skemmtiferðaskipið Heimurinn sem er míkrókosmós, smækkuð og stýrð útgáfa af hinum ytri heimi. Ótti og firring nútímamannsins birtast í þessari afgirtu veröld þar sem reynt er að hafa stjórn á óreiðukenndum heimi:

„Heimurinn hefur breyst; fólk er hræddara við að deyja og lifa og fara úr húsi – að vera rænt, eða drepíð, sprengt í loft upp ... að húsið hrynji undan því í jarðskjálfta, eða flóðbylgja drekki þér og unnustu þinni, á gangi eftir ströndinni. [...] Á skipi eins og þessu ertu umkringdur vatni og á stöðugri hreyfingu; öryggisveitir um borð eru skipaðar elítuhermönnum sem eru búnir bestu vopnum sem finnast. Og maturinn er óaðfinnanlegur hvar sem er í skipinu, og hitastigið, litur á málningu og staðsetning plantna var ákveðin í samráði við föng sví-presta, innanhússhönnuði og sálfræðinga[.]“⁵³

Hræðslan við áhættuna sem felst í því að lifa verður til þess að fólk reynir að koma böndum á alla óvissu. Eða eins og Martin, kunningi Emils, orðar það í *Rafflesíublóminu*: „Einhvern tímann sammæltumst við um að lifa lengi, í öryggi og leiðindum – svona yfirleitt, fremur en stutt og í blárauðum draumi, fullum af kynlífi, eða að minnsta kosti dauða og *ofbeldi*.“⁵⁴ Þátttakan í tilverunni er síuð í gegnum manngert net. Engu að síður er míkrókosmósið á skemmtiferðaskipinu Heimum rotið að innan; þar ríkir óreiða og ljótleiki í bland við yfirdrifinn glæsileikann. Í þessum flótta frá hinu raunverulega og óljósa felst úrkynjun sem hlýtur að geta af sér óhugnað. Það sama gildir um glæsiháýsið sem Evu, aðalpersónunni í *Konum*, er boðið að gæta. Húsið er fullt af öryggismyndavélum, þar er fullbúin líkamsræktarstöð og allt til alls, en samfélagið í húsinu er yfirborðskennt og

⁵³ Steinar Bragi, *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*, 28.

⁵⁴ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 14.

kuldalegt; háhýsið er ekki í neinum tengslum við nánasta umhverfi sitt eða borgina í kring. Íbúarnir eru enda ósýnilegir öðrum borgarbúum: „Glerið í öllu húsinu var speglandi og sást bara út um það.“⁵⁵ Innanstokksmunirnir og allur blærinn á íbúðinni markast af firringu og yfirborðsmennsku, „húsgögnin svört, grá og hvít, úr leðri, gleri, járn, fletirnir sléttir og glampanði – eins og gefið væri frá upphafi að stærð íbúðarinnar útilokaði að hægt væri að gera hana mannlega.“⁵⁶ Húsið sjálft verður eins og persóna í sögunni; það sama á við um herbergið þar sem Emil lokar sig inni með líkinu. Eva í *Konum* er á flóttu undan eigin fortíð sem leiðir hana inn í háhýsið þar sem hún verður leiksoppur annarra. Hún snýr aftur til Íslands eftir langa dvöl erlendis en nær ekki sambandi við samfélagið og stendur utan við bæði sitt gamla líf í Bandaríkjunum og lífið á Íslandi. Á sama hátt er Emil ófær um að taka raunverulegan þátt í lífinu og býr sér þess vegna til afmarkað rými; fyrst í íbúðinni á Ljósvallagötu og síðar í herbergi hinnar látnu niðri við höfnina, í kuldalegu og mannfjandsamlegu leiguhúsnæði þar sem býr urmull af fólki sem hann aldrei sér:

Þeir fóru inn í litla lyftu sem bar þá upp á fimmtu hæð, gengu eftir löngum gangi þar sem voru hátt í fimmtán dyr hvorum megin, allar grænar á litinn. Gangurinn var þögull, ekkert diskaglamur eða væl í börnum, engin tónlist eða samræður sem bárust gegnum dyrnar.⁵⁷

Húsvörðurinn lætur að því liggja að á bak við luktar dyr fari fram alls kyns óhugnaður: „Láttu ekki þögnina blekkja þig.“⁵⁸ Emil lokar sig hins vegar algjörlega af og býr sér til nýja en ennþá takmarkaðri tilveru. Þegar honum finnst hann loksins vera að takast á við lífið, taka af skarið og ná stjórn á eigin gjörðum – með því að grafa upp stúlkuna og koma henni

⁵⁵ Steinar Bragi, *Konur*, 9.

⁵⁶ *Ibid.*, 9.

⁵⁷ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 69.

⁵⁸ *Ibid.*, 70.

fyrir í herberginu – gerir hann ekki annað en að færa sig inn í annað og enn einangraðra, afmarkað rými. Hann lifir á forsendum dauðans og tilraunir hans lúta ekki að því að ná stjórn á lífinu heldur dauðanum.

Dauðinn er gegnumgangandi stef í *Rafflesíublóminu*. Ritgerðarefnið sem Emil hefur valið sér er dauðinn í verkum Halldórs Laxness; stelpan vill meina að ritgerðin snúist meira um dauðann en Laxness. Morguninn eftir að stelpan rekst inn til Emils í fyrsta sinn verður honum hugsað til þess hversu undarlegt það sé að hún skuli hafa endað hjá honum: „Stelpan eins og hún þvældist ekki ein um göturnar eða settist óboðin upp á mann sem bjó við kirkjugarð og hugsaði ekki um neitt nema dauðann.“⁵⁹ Dauðinn er engu að síður óraunverulegur og fjarlægur, þrátt fyrir að hann vofi yfir alla söguna; í vestrænni nútímamenningu er áherslan á að halda dauðanum fjarri hversdagsleikanum, framandgera hann og afvopna. Martin segir við Emil: „Í vissum skilningi höfum við sigrað dauðann, eða náð að reisa um okkur þetta brjóstvirki menningar til að halda honum fjarri! Afrek, vinur minn? Eða ekki? Er máské eitthvert gjald sem við greiðum fyrir þetta? Fórnarkostnaður? Eitthvað sem okkur yfirsést? Eitthvað sem skiptir máli?“⁶⁰ Það er kenning Martins að mannkynið hafi afneitað ofbeldinu sem býr í því sjálfu, reynt að reisa um sig varnarmúr og þannig fjarlæggt sig frá því óhugnanlega en um leið frá allri raunverulegri upplifun. Hræðslan við að verða fyrir skaða, við að deyja, leiðir til doðaástands. Þrálátar hugsanir Emils um dauðann má í raun rekja til þess hversu langt hann er kominn frá lífinu sjálfu. Tilverusvið hans minnkar stöðugt þar til það er varla til staðar, er eiginlega líkara dauðaástandi en tilvist lifandi veru. „Líf hans var

⁵⁹ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 11.

⁶⁰ *Ibid.*, 15.

meðvitundarlaust, streymdi hring eftir hring í gegnum vél sem hann hafði smíðað utan um sig sjálfur.⁶¹ Sjálfur titill sögunnar vísar í dauðann; Rafflesíublómið er einkennileg hitabeltisplanta sem ber stærstu blóm veraldar, hefur að öðru leyti nánast enga skýra byggingu en gefur frá sér lykt af rotnandi holdi þegar hún blómgast.⁶² Titillinn er nokkuð margslunginn. Hann skírskotar til nærveru dauðans í sögunni og þeirrar rotnunar sem birtist hvað eftir annað í textanum. Í íbúðinni á Ljósvallagötu má enn finna lyktina af páfagauk Emils sem brann til dauða, Martin vinnur fyrir sér með því að rækta ánamaðka og tína þá í görðum, og í lokahluta sögunnar hefur Emil búið um sig ásamt með rotnandi líki. Hann reynir að streitast á móti rotnuninni en hún er óumflýjanleg. Lík stúlkunnar verður eins og Rafflesíublóm; í dauðanum springur hún út og blómgast. Skapabarmarnir þrýstast út „eins og Rafflesíublóm sem vildi brjótast upp á yfirborðið.“⁶³ Þau tengsl sem Emil telur sig ná við látna stúlkuna eru nánasta sambandið sem hann myndar í sögunni og þegar stelpan svo birtist lifandi úti á götu eru það eins og svik við Emil að hún skuli vera á lífi. Það vekur með honum viðbjóð að sjá hana iðandi af lífi: „Augun í henni glömpuðu og gljáðu og hreyfðust til og frá, hún var krökk af litlum, kvikum hreyfingum og honum fannst eins og heitt, þrúgandi blóð niðaði um andlit hennar og veröldina og litaði himininn rauðan.“⁶⁴ Lífið er orðið óeðlilegra en dauðinn.

Í verkum Steinars Braga er yfirleitt erfitt að sundurgreina ljótleika og fegurð; það er fegurð og ljóðræna í lýsingum á því sem ætti að vekja viðbjóð, og ljótleiki í því sem á yfirborðinu virðist vera fegurð. Dauðinn er ekki endilega ljótari en lífið. Emil upphefur lík

⁶¹ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 55.

⁶² „Floral Giants from Humble Beginnings“, vefsíða.

⁶³ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 86.

⁶⁴ *Ibid.*, 88.

stúlkunnar og sér fullkomnun í jarðnesku hulstrinu utan af henni, sem hann telur sig betur í stakk búinn til að hafa stjórn á en meðan hún lifði. Athyglisvert er að bera afstöðu Emils saman við vangaveltur Muggs Maístjörnu í *Hinu stórfenglega leyndarmáli Heimsins*: „Ég horfði í andlit líksins, hulstrið utan um það sem eitt sinn var Astrid Roberts; andlitið var hvítt og tómt, eins og stytta, eða líkt og það sem hefði eitt sinn gætt það manngleika væri þar ekki lengur[.]“⁶⁵ Þar sem Muggur sér tótleika finnur Emil fegurð. Honum virðast jafnvel mannleg samskipti taka á sig aðra mynd þegar dauðinn er nærri, „eins og dauðinn ljáði samskiptum einhverja mýkt og ljóma sem annars var með öllu fjarverandi í daglegu lífi.“⁶⁶

Líkt og í lýsingu Emils á samræðum hans við stelpuna stökkva hugsanakeðjur í bókum Steinars Braga oft í óvæntar áttir og setningabygging einkennist gjarnan af því; þessu þótti mér mikilvægt að koma til skila í þýðingunni. Hrynjandin í textanum getur breyst fyrirvaralaust. Dauðinn og einmanaleiki manneskjunnar minna hvað eftir annað á sig á óvæntum stöðum. Öll vitund um sjálfið leiðir óhjálvæmilega til vitundar um dauðann:

... og nálægt stefni Heimsins, við tóma laugina, greindi ég sjálfan mig og vissi að það sem ég hafði í einfeldni minni álitit fagurt, dýrlegt og upphafið, var ekki nema leiðin til dauðans og ég gat engu breytt. Ég vissi það. Og þegar ég lyfti aftur höfðinu var ég í myrkri; skipið var neðst í dimmum, viðbjóðslegum göngum er dýpkuðu, og langt, langt í burtu, við enda þeirra, var himinninn, bjart op í

⁶⁵ Steinar Bragi, *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*, 71.

⁶⁶ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 68-69.

laginu eins og auga sem smækkaði – ég hvarf birtunni og sjálfum mér og svo var ekkert nema dauðinn ...⁶⁷

Þessi yfirpyrmandi vonleysistilfinning og skortur á raunverulegum tengslum við annað fólk eru gegnumgangandi stef í höfundarverki Steinars Braga, og birtast ekki síður í sjálfu umhverfinu. Reykjavík Steinars Braga er óralangt frá hinni flippuðu, fjörugu og sköpunarglöðu höfuðborg sem sjá má í landkynningu og „ímyndunarsköpun“ Íslands. Það verður seint hægt að selja helgarferðir út á bækur Steinars. Í þessari Reykjavík er einnar nætur gaman ekki til merkis um sprúðlandi hressleika eða lauslæti ljóshærðra og glæsilegra íslenskra kvenna, heldur enn ein tilraunin til að finna fyrir einhverju, ná einhverjum tengslum við aðra manneskju eða einfaldlega kæfa raunveruleikann enn frekar: „Ég skil ekki af hverju ég geri þetta. Ég hafði engan áhuga, samt var eins og þetta yrði að vera svona, einhvern veginn[,]“⁶⁸ segir stelpan eftir skyndikynni í partýi á Grettisgötu. Heiða í *Sólskinsfólkinu* reynir að „rifja ekki upp gærkvöldið og halda bara áfram og gleyma því líka að hún mundi allt sem hún gerði, sama hvað, og hún hafði viðbjóð á því.“⁶⁹

Reykjavík *Rafflesíublómsins* og annarra verka Steinars Braga er borg þar sem fólk deyr eitt og einmana án þess að nokkur grípi inn í. Fyrir opin á turnhúsi Hallgrímskirkju hafa verið „settir rimlar til að varna því að fólk [fremji] sjálfsmorð með því að henda sér fram af.“⁷⁰ Dauðinn er örþrifarád þeirra sem enga stjórn hafa og finna ekki fyrir neinu nema doða og vanlíðan. Auk sjálfsmorðsins í Sólfarinu segir stelpan sögu af kunningja

⁶⁷ Steinar Bragi, *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*, 18.

⁶⁸ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 48.

⁶⁹ Steinar Bragi, *Sólskinsfólkið*, 18.

⁷⁰ *Ibid.*, 158.

sínum sem reynir að fremja sjálfsmorð og er truflaður í misheppnaðri tilraun sinni af nággranna – fyrrum meðlimi hljómsveitarinnar GusGus – sem vill ræða við hann um „eitthvert algerlega smáskítlegt, ofurhversdagslegt drasl sem ekki nokkru máli skipti“,⁷¹ sem verður til þess að hengingin gleymist. Stelpan lýsir atvikinu sem „recreational sjálfsmorðstilraun“⁷²; fólk vilji í raun og veru ekki deyja heldur bara fá nasaprefinn eða eins konar forsmekk af dauðanum. Aftengingin frá veruleikanum er slík. Stelpan vill meina að svona verði dauðinn nálægur „þegar hann er gerður svona óraunverulegur, eins og er í nútímanum.“⁷³ Hún lýsir borginni sem svo: „En borgin sem við búum í er líka undirlögð af dauða, bældum eða upphöfnum.“⁷⁴ Martin fylgist aðgerðalaus með sjálfsmorði ókunnugs manns inn um glugga líkt og á sjónvarpsskjá; glerið á milli þeirra er glerið á milli þeirra sem borgina byggja. Þegar lík stúlkunnar hangir niður úr Sólfarinu hringja vegfarendur í neyðarlínuna til að láta vita af atvikinu en enginn nálgast hana, enginn reynir að ganga úr skugga um hvað raunverulega hafi gerst og hvort hægt sé að koma henni til hjálpar.

Í *Rafflesíublóminu* er borgin tákngevingur kuldans og aftengingarinnar; hún er líflaus en á sama tíma full af fólki sem þjáist eitt, veslast upp og deyr hægum dauðdaga. Umhverfið er álíka ómanneskjulegt og íbúð Evu í *Konum*. Í örvæntingarfullri tilraun til að breyta einhverju, koma sér aftur af stað, fer Emil í gönguferð „niður að Ægisíðunni, meðfram ströndinni langleiðina út í einhverja eyðimörk sex-akreina gatna, bílastæða og kringla sem hann vissi ekki einu sinni að væru til í þessari borg[.]“⁷⁵ Í þessu umhverfi er

⁷¹ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 26.

⁷² Ibid., 26.

⁷³ Ibid., 26.

⁷⁴ Ibid., 25.

⁷⁵ Ibid., 54.

ekkert sem Emil getur notfært sér til að koma sér aftur í samband við hið mannlega. Stórmarkaðurinn sem Emil verslar í er smækkuð útgáfa af borginni, kaldur, nútímalegur og undarlega mannlaus:

Af skyndilegri framtakssemi fór hann að versla og í stórmarkaðinn og sá enga aðra kúnna, ekki frekar en venjulega. Þegar hann fékk til baka hjá tvítugum strák á kassanum þakkaði hann fyrir sig, en strákurinn roðnaði og muldraði eitthvað í barminn. Emil varð vandræðalegur fyrir hönd þeirra beggja. Stelpan hafði rétt fyrir sér, það var eitthvað að í þessari borg. Þessi vesalings krakki sem vissi ekki hvernig átti að segja takk sömuleiðis eða verði þér að góðu var bara eins og útfærðari mynd af vandanum. Íslendingar voru þjóð unglunga sem höfðu ekki fullorðnast – hefðarlausir, frekir og gramir og ultu gervalla ævina frá einni hlið yfir á aðra, kjökrandi eða hlæjandi, án tengsla við sjálfa sig eða aðra, allar athafnir þeirra utan samhengis nema mögulega þess sem var mælanlegt í peningum – utan örlaga.⁷⁶

Þessi ádeila á íslenskt samfélag er undirstrikuð í orðum Martins, hins pólskættaða kunningja Emils sem kemst svo að orði um foreldra sína: „Og að tveir fátækir og þíndir Pólverjar skuli hafa meiri menningu í höfðinu á sér en heilt úthverfi í Reykjavík, heil íslensk millistétt, er leiðinlegt fyrir Íslendinga.“⁷⁷ Sjálfsmynd Íslendingsins er óljós og án tengsla við fortíðina; er eins og tákngervingur þeirrar sjálfsmyndarkrísu sem Cronin talar um að einkenni nútímamanninn sem í hringiðu tækniframfara og viðskiptavæðingar hefur tapað bæði tilfinningunni fyrir augnablikinu og hinu liðna.⁷⁸ Sömu afstöðu gætir í verkum Steinars Braga allt frá upphafi – á hápunkti íslenska „góðærisins“ komu *Áhyggjudúkkur* út og drógu upp mynd af aragrúa einmana, óhamingjusams fólks í nútímaborg þar sem er

⁷⁶ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 55.

⁷⁷ *Ibid.*, 39.

⁷⁸ Cronin, *Translation and Identity*, 3.

svo sannarlega eitthvað að; jafnvel þegar háski steðjar að er eins og fólk sé ófært um að tengjast raunveruleikanum. Þegar úlfahjarðir gera innrás í borgina er talað við „Davíð foringja“ sem gerir augu sín „góðlátlega umberandi og sliktu líkt og hann væri að ávarpa son sinn sem var að misskilja eitthvað dálítið.“ Fréttamaðurinn í myndveru brosir kankvíslega og segir: „Tsk. Tsk. Davíð alltaf góður[.]“⁷⁹ Í þessum heimi rekur fólk stefnulaust áfram, það ýmist kaupir innantómar hugmyndir um velgengni og hið æskilega, ellegar stendur ráðvillt utan við rammann. Kaldhæðnin sem yngri kynslóðirnar hafa brynjað sig með er orðin að vegg sem kemur í veg fyrir innlifun og samlíðan: „Heiða ... sagðist ekki lengur skilja muninn á til dæmis kaldhæðni og einhverju öðru eða hvað væri yfirleitt að gerast og skildi ekkert, raunverulega, nema staðreyndir“.⁸⁰ Jafnvel það fallega í umhverfinu kveikir kvíða og óhugnað: „Hún horfði út yfir Sundin, Esjuna og Snæfellsnesið. Sjórinn var lygn, jökullinn ljómaði í rauðu. Sorg og eitthvað sem líktist innilokunarkennd fyllti brjóst hennar.“⁸¹ Hin margrómaða íslenska náttúra er eins og í fjarlægum bakgrunni; fólkið sem í borginni býr lifir hvorki né hrærist í nánnum tengslum við straumfagra fossa og mosagrónar hliðar. Í *Rafflesíublóminu* er íslenska sveitin ekki upphafin heldur sett í samband við einmanaleika, ljótleika og misnotkun, líkt og á ljósmyndinni af Maríu á upptökuheimilinu í sveitinni: „[H]ún stóð úti á túni fyrir framan hvíta, tveggja hæða steinbyggingu; til hliðar við hana, ofan á gulleitri sinunni, lágu gaddavírsrúllur í hrúgu. Svipurinn á henni var skældur, hún var horuð og með bauga undir augunum.“⁸² María fær

⁷⁹ Steinar Bragi, *Áhyggjudúkkur*, 118.

⁸⁰ Steinar Bragi, *Sólskinsfólkið*, 44.

⁸¹ Steinar Bragi, *Konur*, 9.

⁸² Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 65.

engan kynngimagnaðan kraft úr íslenskri náttúru heldur er hún „[e]nn eitt stráið í íslensku auðninni.“⁸³ Þegar Emil leitar út á við veldur ferskt loftið honum líkamlegri vanlíðan.

Steinar Bragi framandgerir gjarnan hið kunnuglega; sú Reykjavík sem hann laðar fram er þekktanleg sem Reykjavík nútímans en engu að síður frá fyrstu stundu örlítið á skjön við okkar raunveruleika, dálítið skrumskæld, þar til raunveruleiki borgarinnar gliðnar samhliða textanum sjálfum. Þrátt fyrir að *Rafflesíublómið* sé ekki fantasúkennd eins og *Áhyggjudúkkur* eða *Sólskinsfólkið* verður svipað vitundarrof í sögunni. Við þekkjum kennileitin, þekkjum sérkenni borgarinnar, en inn í kunnugt landslag eru settir einkennilegir atburðir, brenglun og uppmagnaður sjúkleiki. *Áhyggjudúkkur* er líklega skýrasta dæmið um þessa meðhöndlun á Reykjavík, en við upphaf hvers kafla má sjá götukort sem sýnir staðsetningu atburðanna í viðkomandi kafla. Götukortin eru rétt og raunveruleg; þeim fylgja gjarnan ítarlegar skýringar sem staðsetja atburðina afar nákvæmlega í þekktu umhverfi:

Vettvangur 3. kafla. Lyfta í stigagangi; upp Laugaveg, til hægri upp Frakkastíg, Skólavörðuholt, niður Skólavörðustíg á gistiheimili um miðbik; niður Skólavörðustíg, til hægri niður Vegamótastíg, til hægri upp Laugaveg; Kaffi List; yfir Laugaveginn, port, aftur yfir; bókabúð MM, 1. hæð, bókaborð og afgreiðsluborð; sófi í neðsta kjallara.⁸⁴

Sögusviðið er þannig byggt á staðreyndum en því er gefinn annarlegur blær og súrrealísk innspýting. Hið hversdagslega verður óhugnanlegt; í *Sólskinsfólkinu* sér Heiða hjörð af þorskmönnum koma „rápandi úr Þingholtunum, niður Ingólfsstrætið.“⁸⁵ Spæjarinn Steinn

⁸³ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 66.

⁸⁴ Steinar Bragi, *Áhyggjudúkkur*, 30.

⁸⁵ Steinar Bragi, *Sólskinsfólkið*, 181.

Steinarr, skopstælingin á Sherlock Holmes í *Hinu stórfenglega leyndarmáli Heimsins*, er settur inn í íslenskt umhverfi og býr við Laugavegin. ⁸⁶ Reykjavíkumaraþonið er einn af miðpunktum *Sólskinsfólksins* en þessi árlegi viðburður í borgarlífinu fær á sig martraðarkenndan blæ: „Gatan fylltist af fólki, endanna á milli, sem streymdi fram hjá henni, andlitin gljáandi af svita, augun þanin og starandi og hún stóð hreyfingarlaus, horfði ofan í grasið við götuna og beið eftir að þetta endaði.“ ⁸⁷ Keppt er um skringilegasta búninginn og einn hlaupara hefur klætt sig í kafarabúning, sem er raunar mynd sem kemur einnig fyrir í *Hinu stórfenglega leyndarmáli heimsins* – búningurinn gerir þann sem honum klæðist ómennskan og fjarlægán, „eins og skrímli Frankensteins“. ⁸⁸ Fjölbýlishúsið þar sem hin látna býr í *Rafflesíublóminu* er síðan raunverulegt reykvískt hús sem við lestur sögunnar fær á sig óhugnanlega, táknræna merkingu.

Þessi framandgerving á kunnuglegu umhverfi hefur að sjálfsögðu ekki sama slagkraft þegar textinn er þýddur og síðan lesinn í öðru menningarsamfélagi. Engu að síður er sú kaldranalega nútímaborg sem birtist í *Rafflesíublóminu* sennilega kunnugleg mörgum erlendum lesendum í einhverri mynd. Sagan er skrifuð í litlu málsamfélagi og hægt að gera ráð fyrir því að þeir sem lesa frumtextann hafi (mismikla) þekkingu á staðháttum Reykjavíkurborgar. Höfundur hefur svigrúm til að gefa sér ákveðnar menningarlegar forsendur. Þegar kemur til kasta þýðandans er hann eins konar menningarlegur milligöngumaður, sem þarf að koma til skila upplýsingum sem eru gefnar í menningarlegu samhengi frumtextans. Þá er til að mynda átt við umhverfi, staðhætti,

⁸⁶ Steinar Bragi, *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*, 7.

⁸⁷ Steinar Bragi, *Sólskinsfólkið*, 119-120.

⁸⁸ Steinar Bragi, *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*, 262.

gildi og sjálfsmynd. Hlutverk þýðandans er að brúa bilið á einhvern hátt.⁸⁹ Landfræðilegt umhverfi textans er ef til vill sá þessara þátta sem hvað auðveldast er að koma auga á og greina. Mikilvægast er að þýðandi taki skýra og afdráttarlausa ákvörðun um það hvernig koma skal slíkum upplýsingum til skila, að hversu miklu leyti skuli útskýra þær, og haldi sig við sömu línu í verkinu öllu. Til samræmis við þá ákvörðun mína að opna textann fyrir erlendum lesendum en ganga ekki of langt í að brjóta hann upp með viðbótarupplýsingum kaus ég að halda útskýringum í lágmarki og reyna að fella þær snyrtilega inn í textann. Ég prófaði mig áfram með þetta – gekk í upphafi lengra en dró síðan úr, og það einn hinna bresku yfirlesara minna sérstaklega um að gera mér grein fyrir því hvort umhverfi textans hefði verið nægilega ljóst. Ég reyndi að gera textann þannig úr garði að lesandi sem ekki þekkir Reykjavík þyrfti ekki stöðugt að vera að klóra sér í höfðinu yfir því hvort um væri að ræða götu, hverfi eða tiltekinn stað. Eftir að hafa skoðað nokkrar aðrar þýðingar á íslenskum bókum kaus ég að láta götunöfn standa útskýringarlaus. Í öðrum tilfellum nægði yfirleitt að bæta við einu orði eða stuttri útskýringu („the Thingholt area“⁹⁰, „the Árbær area“⁹¹, „the painter Kjarval“⁹²), eða skipta út nákvæmri staðsetningu fyrir almennari þegar betur átti við, samanber „the 10-11 store in the city centre“⁹³ í staðinn fyrir „í Austurstræti.“⁹⁴ Það sama gerði ég þegar kom að öðrum sértækum fyrirbærum sem höfðu ekki sérstaka merkingu í textanum og mátti skipta út fyrir almennari hugtök, til

⁸⁹ Katan, *Translating Cultures*, 130.

⁹⁰ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 5.

⁹¹ *Ibid.*, 95.

⁹² *Ibid.*, 70.

⁹³ *Ibid.*, 142.

⁹⁴ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 83.

að mynda varð tilvísun í Fréttablaðið að „the newspaper.“⁹⁵ Á öðrum stöðum gekk það hins vegar ekki upp og þá átti betur við að setja inn skýringu, samanber „Morgunbladið’s editorial board“.⁹⁶

Í lokakaflanum er að finna eina magnþrungnustu málsgrein textans, þegar Emil reynir að ná líkamlegum samruna við líkið af stúlkunni og vitund hans eins og víkkar út svo líkið verður táknmynd íslensks samfélags; í því skynjar Emil loksins umheiminn en það er firrtur og yfirborðskenndur heimur. Í þessum kafla er mýmargt sem skírskotar beint í íslenskt samfélag á ritunartímanum og ég þurfti þar af leiðandi að leggjast yfir hann, greina hann vandlega og skoða bæði hvert smáatriði sem og heildina. Þessi þrettán línu langa runa er hápunktur sögunnar og í raun hengiflugið sem Emil og lesandinn falla fram af niður í hin óvæntu sögulok. Það var líklega lán í óláni að á meðan sagan var í þýðingu skyldi „frægðarsól“ hins íslenska fjármálakerfis taka á sig jafn hörmulega mynd og raun bar vitni; þar af leiðandi eru fyrirbæri á borð við Kaupþing og Glitni, sem koma fyrir í upptalningunni, þekkt meðal erlendra lesenda og vekja eflaust sterk hugrenningatengsl. Tvær tilvísanir í Spaugstofuna klippti ég út eftir að hafa prófað ýmsar leiðir; flæði textans raskaðist mjög ef ég reyndi að útskýra tilvísunina á svipaðan hátt og staðhætti (t.d. „the Spaugstofa sketch show“) og ef ég þýddi hana einfaldlega sem „the weekly sketch show“ eða eitthvað ámóta var hin menningarlega tilvísun hvort eð var farin veg allrar veraldar. Það sem Spaugstofan táknaði í íslensku þjóðfélagi – og í skáldsögu eftir Steinar Braga – er gott dæmi um það hvernig hið menningarlega samhengi ljær slíkum tilvísunum aukna merkingu. Í þýðingunni fannst mér betra að taka hana alfarið út en reyna að klóra mig út

⁹⁵ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 145.

⁹⁶ *Ibid.*, 147.

úr vandanum og eyðileggja þannig heildaráhrif þessa langa, samfellda texta. Hvað varðaði Kringluna, Mjóddina og Smáralind ákvað ég að fara sömu leið og með Fréttablaðið hér að ofan; hið sértæka var gert almennt: „[H]e ... thought about families on shopping trips to the various shopping centres“.⁹⁷ Að sjálfsögðu mun erlendur lesandi hafa aðra aðkomu að þessu textabroti en manneskja sem býr hér á landi, en því má ekki gleyma að textinn hefur ekki eina merkingu; hann vekur ekki endilega sömu hugrenningatengsl hjá tveimur lesendum þótt þeir séu báðir af sama þjóðerni. Katan vill skilgreina menningarsamfélag sem „sameiginlegt hugarlíkan eða –kort af heiminum“.⁹⁸ Það er þó talsverð einföldun á fyrirbærinu. Innan þess sem skilgreint er sem eitt menningarsamfélag rúmast jafnan aragrúi ólíkra „hugarlíkana“; tvær manneskjur sem búa hlið við hlið geta haft gjörólíkan skilning á heiminum og mismunandi viðmið. Þrátt fyrir að hugtakið menningarsamfélag sé vissulega oft nytsamleg mælistika má ekki beita því til að alhæfa um ætlaðan skilning eða hugrenningatengsl.

7. Greinarmerkjasetning

Íslensk greinarmerkjasetning er mun einfaldari en sú enska; hún er naumari og íslensk rithefð gefur mun minna svigrúm fyrir aukasetningar og flókna setningabyggingu. Þegar þýtt er úr ensku yfir á íslensku þarf gjarnan að „greiða úr“ málsgreinum til að þær skili sér nægilega skýrt á íslensku. Það var því viðbúið að bæta þyrfti inn talsvert miklu af greinarmerkjum þegar Rafflesíublómið var þýtt yfir á ensku. Til að mynda var sjálf

⁹⁷ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 113.

⁹⁸ Katan, *Translating Cultures*, 17.

lokasetning sögunnar óslitin af greinarmerkjum á íslensku og hljóðaði svo: „Gegnum formið sem leysist upp og hverfur skín guð.“⁹⁹ Á ensku var ómögulegt annað en að bæta inn kommu, sem ljáði þó setningunni nokkuð fallegan blæ með stuttum andardrætti áður en síðustu orðin eru lesin: „Through the shape which dissolves and disappears, god shines.“¹⁰⁰ Þrátt fyrir að hefð sé fyrir því bæði á ensku og íslensku að rita orðið „Guð“ með stórum staf kaus ég að fylgja ákvörðun höfundarins í frumtextanum og hafa orðið með litlum staf. Það tákna ákveðna afstöðu til hugmyndarinnar um guð eða æðri mátt, og auk þess er ég sjálf höll undir þessa stafsetningu og hef notað hana á báðum málum. Víða annars staðar var ráðrúm til þess að fylgja frumtextanum nokkuð náið hvað greinarmerkjasetningu varðar; þegar ég mat það sem svo að flæðið í textanum væri undir því komið að halda greinarmerkjasetningu í lágmarki leyfði ég honum að renna áfram, svo fremi sem réttari greinarmerkjasetningu í ensku væri fylgt. Sérstaklega átti þetta við undir lok sögunnar þegar vitund aðalpersónunnar hefur gliðnað og takturinn í textanum breyst. Sem dæmi mætti nefna þessa málsgrein úr lokakaflanum:

Her eyes shone and gleamed and moved to and fro, she was teeming with quick little movements and he felt as if hot, smothering blood was surging through her face and colouring the sky red.¹⁰¹

Steinar Bragi notar skáletrun í nokkrum mæli í sögunni, til áherslu eða til að draga athygli að ákveðnum hugmyndum. Ég kaus að fylgja forskrift hans náið, fyrir utan nokkra staði þar sem áherslan var undarleg á ensku. Strax á fyrstu blaðsíðu kemur orðið „chosen“¹⁰² fyrir í skáletrun, sem leiðir lesandann í átt að hinu einkennilega hugarástandi

⁹⁹ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 90.

¹⁰⁰ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 150.

¹⁰¹ Ibid., 148.

¹⁰² Ibid., 65.

aðalpersónunnar Emils, sem ljær atburðum óeðlilega eða yfirdrífna merkingu í sínum þrönga, kyrrstæða heimi. Þar sem þessi hugmynd Emils er örlogavaldur í sögunni og markar vegferð hans þótti mér mikilvægt að halda áherslu höfundarins.

8. Bein ræða og hlutverk tungumálsins

Í sögunni er takmarkaður fjöldi persóna og fáir sem taka til máls aðrir en Emil, stúlkan og Martin, félagi Emils sem kemur til hans í næturheimsóknir og hjálpar honum á endanum við að grafa upp líkið af stúlkunni til að ganga úr skugga um að hún sé sú rétta. Þessi takmörkuðu samskipti eru táknræn fyrir þá einangrun sem Emil hefur áskapað sér. Emil á þó einnig í stuttum samræðum við aldraða ömmu hinnar látnu, húsvörðinn í húsi stúlkunnar svo og lögreglumanninn sem rannsakar dauðsfallið við Sólfarið. Útgangspunktur minn þegar kom að því að þýða samtöl og beina ræðu var að sambandið milli persóna væri skýrt sem og afstaða þeirra til viðmælandans, og auk þess að ákveðnum persónueinkennum væri haldið í orðavali, orðfæri og formlegheitum. Stærstur hluti samræðnanna í sögunni er á milli þeirra Emils og stelpunnar. Það var mikilvægt að málnotkun beggja félli að og styddi við persónusköpun höfundarins; það er kaldhæðnislegt að Emil sem á að sitja að ritgerðarskrifum og dæla út orðum skuli eiga jafn örðugt með að orða hugsanir sínar og raun ber vitni. Þrátt fyrir að hann fagni komu stúlkunnar inn í tilveru sína á hann erfitt með að halda þræðinum í samræðum þeirra, sem og þegar Martin heimsækir hann: „Hann varð þreyttur af svona löngum samræðum,

hugsanir hans tókust allar á loft og snerust hver um aðra.“¹⁰³ Hann heldur ekki í við þau stökk sem stelpa tekur:

Eftir á að hyggja fannst honum stefnan sem samræður þeirra tóku yfirleitt óskiljanleg, eins og þau færu á milli viðfangsefna af handahófi, samræðurnar ekkert nema lausir endar. Stelpa hafði lag á að taka strikið í einhverja átt sem virtist þvert á það sem hafði komið áður en var það í raun ekki. Oft fannst honum eins og hann væri á hlaupum á eftir henni, hversu timbruð og nývöknuð sem hún var, og leið eins og hann væri gamall og stirður, kannski af því hún virtist alltaf stefna beint að miðju hugsunar sinnar, talaði aldrei um neitt annað en innra byrði hlutanna, lógíkin framandleg og hljóp undan orðunum.¹⁰⁴

Hann talar í raun aðeins þegar hún þegir: „Hún var furðulega þögul þennan daginn, einhver kvíðaherpingur í andlitinu. Kannski var það þess vegna sem hann talaði svona mikið, eins og hann væri að rembast við að hressa hana.“¹⁰⁵ Þegar Emil síðan sest við skriftir kemur annað úr út því en hann ætlar sér og mesta fullnægju fær hann svo út úr því að brenna handritið, brenna orðin sem virðast aldrei endurspegla hann að nægilegu marki. Öfugt við hann notar stelpa orð til að koma reglu á eigin hugsanir; hún mátar sig við umhverfið með ögrandi fullyrðingum og stórum staðhæfingum, en missir stundum tökin og setningarnar eins og spýttast út úr henni:

„*Leiðinlegt*, öldur upp og niður, sjá þetta og hitt. Kynnast framandi popptónlist og ípodhulstrum í einhverri höfn sem er disneyland fyrir túrista. Útdauð menning undir glerkúlu – andskotinn hirði það allt.“¹⁰⁶

¹⁰³ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 16.

¹⁰⁴ *Ibid.*, 28.

¹⁰⁵ *Ibid.*, 42.

¹⁰⁶ *Ibid.*, 39.

Í kjölfarið kúgast hún – orðin koma upp úr henni eins og ætandi gall. Emil lýsir gjörðum hennar síðar sem dramatískum, tillitslausum, fallegum og tilgerðarlegum.¹⁰⁷ Þessi stutta lýsing er í raun inntakið í persónu stelpunnar og fyrir þýðandann er hún lykill að persónunni. Stelpan notar tungumálið á sama hátt og Heiða í *Sólskinsfólkinu*; hún reynir að tala sig í samband við tilveruna og sjálfa sig. Viðmælandinn skiptir í raun litlu máli. Í *Sólskinsfólkinu* talar Heiða yfir hálfsofandi rekkjunaut, lætur dæluna ganga um fortíð sína þrátt fyrir að enginn sé að hlusta: „Strákurinn sagði eitthvað sem hún skildi ekki og hún ýtti í hann með löppinni og sagði honum að hann mætti ekki sofna en hann svaraði ekki. Hún reykti og hélt áfram að tala.“¹⁰⁸ Sú firring og aftenging sem er ríkjandi í skáldskap Steinars Braga birtist einnig í því hversu illa fólk nær saman í samræðum; gjarnan er fólk að tala um sitt hvorn hlutinn, það hlustar ekki eða skilur ekki hinn aðilann. Lýsing undarlegu, stareygðu konunnar í *Áhyggjudúkkum* á neðansjávarhávaða dregur þetta stef saman í hnotskurn:

„Í dag er svo mikill neðansjávarhávaði að hvalir og höfrungar og sjávardýr, sem tala saman með hátíðnihljóðum, geta ekki talað saman lengur, til dæmis gefið frá sér ástarköll, til að elska hvort annað, þau hrópa langt yfir hafið á hvort annað. Einu sinni gat hvalur eða höfrungur kallað á hval hinum megin á hnettinum en eftir að allt fylltist af hávaða þurfa þeir að fara næstum því ofan í hver annan til að heyra, í nokkurra metra fjarlægð, en finna kannski engan og þess vegna eru eiginlega sjávardýr alein í hafinu, þau synda alein um djúpið í hafinu og geta ekki elskað neinn og deyja alein, skríða bara ofan í einhverja holu og drepast og –“¹⁰⁹

¹⁰⁷ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 58.

¹⁰⁸ Steinar Bragi, *Sólskinsfólkið*, 69.

¹⁰⁹ Steinar Bragi, *Áhyggjudúkkur*, 183.

Í þessu textabroti – sem á eins vel við manneskjurnar í sögum Steinars Braga og sjávardýrin – birtist sú sýn á hið mannlega ástand sem gegnsýrir skáldskap höfundarins. Fírringin er slíkt – hávaðinn er slíkur – að nútímamaðurinn er kominn úr tengslum við annað fólk, við umhverfi sitt og sína eigin skynjun. Hann syndir aleinn um djúp heimsins og deyr aleinn. Einmanaleg tilvera Emils er þessu marki brennd; þrátt fyrir að hann gleðjist yfir komu stelpunnar ná þau aldrei saman í raun nema eitt og eitt andartak. Orðaflaumur stelpunnar skolast yfir Emil sem nær aldrei að tala sig til móts við hana. Jafnvel þegar hann finnur sig knúinn til að koma einhverju mikilvægu í orð kemur upp veggur milli hans og umheimsins, eins og þegar hann situr hjá ömmu hinnar látnu: „Honum datt í hug að spyrja af hverju þau hefðu látið hana frá sér, hvað fengi fólk til að senda barn frá sér út í sveit í hendur ókunnugra, en hann fann doðann koma yfir sig.“¹¹⁰ Hann getur ekki útskýrt samband sitt við stelpuna fyrir Martin og ákveður „að hætta að reyna að segja það sem var ekki hægt að segja.“¹¹¹ Í skáldskap Steinars Braga missa jafnvel orðsins menn á borð við Mugg Maístjörnu tökin á tungumálinu þegar mikið liggur við og eitthvað frumstæðara tekur yfir: „Meðan við spásseruðum varð ég óðamála og mögulega samhengislaus, líkt og ég réði ekki við blóðið sem vöðvar fótleggja minna kusu að koma á hreyfingu og sumpart upp í höfuð mér.“¹¹² Tungumálið bregst; það er ekki það samskiptatæki sem því er ætlað að vera.

Flæðið og takturinn í því sem stelpan segir er allt annars eðlis en hjá Emil. Eins og Steiner bendir á liggur kjarni málsins í tónblæ textans; þegar saman koma lykilorð og

¹¹⁰ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 66.

¹¹¹ *Ibid.*, 37.

¹¹² Steinar Bragi, *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*, 161.

tungutak sem eru efsta byrðið á merkingar- og siðfræðilegu gildi.¹¹³ Afstaða persónanna til umheimsins kemur fram í ræðu þeirra og orðavali, ekki síður þegar persónurnar segja ekki satt eða ná ekki að orða hugsun sína. Viðbrögð annarra persóna eru síðan túlkun eða þýðing á þessum orðum, innan ramma sögunnar. Steiner vill raunar nota þýðingarhugtakið um það ferli sem fer í gang í hvert sinn sem manneskja tekur við talboðum frá annarri manneskju.¹¹⁴ Þannig er bein ræða drifkraftur í sögunni og enn fremur það sem ósagt er. Emil kemst að því þegar stelpan hverfur að þrátt fyrir allar þeirra löngu samræður hefur hún nánast ekkert látið uppi um eigið líf; hún notar ekki samtölin til að koma á framfæri beinum upplýsingum um sjálfa sig heldur til að velta upp spurningum, prófa hugmyndir, kalla fram viðbrögð í því augnamiði að reyna að ná sambandi við umheiminn. Í samræðum þeirra er Emil hlustandi; hann er stuttur og velur sér hversdagslegri, lágstemmdari orð en hún. Oft eru viðbrögð hans orðlaus frekar en færð í orð; hann hristir höfuðið, kveikir sér í sígarettu, hugsar en segir fátt. Síðar gerir hann jafnvel hennar orð að sínum, eins og hann geti ekki sjálfur fundið orð yfir upplifun sína; líki hennar lýsir hann sem „*bjarmandi, þögul[li] hrið*“¹¹⁵ sem er lýsing stúlkunnar sjálfar á líki í kistu. Frásagnarmátinn er þétt samofinn persónu og vitund Emils og endurspeglar það rof sem smám saman verður í skynjun hans; um leið og Emil missir tökin á raunveruleikanum fer lesandinn að missa tökin á raunveruleika textans.

Samræður Emils og Martins eru einnig fyrirferðarmiklar í sögunni. Martin á pólska foreldra en hefur alist upp á Íslandi frá tveggja ára aldri; engu að síður finnst Emil alltaf

¹¹³ Steiner, *After Babel*, 10.

¹¹⁴ Ibid., 48.

¹¹⁵ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 81.

eitthvað framandi við Martin, sem er eins konar áhorfandi að íslensku samfélagi, stendur utan við hið almenna og venjubundna líkt og Emil, en á meðvitaðan hátt sem veldur honum engu hugarangri. Martin vakir á nóttunni líkt og Emil, hann horfir inn um glugga og grípur ekki inn í það sem við honum blasir – jafnvel ekki þegar um er að ræða sjálfsmorðstilraun – en hann virðist öfugt við Emil hafa valið sér sína eigin tilveru. Emil veltir því fyrir sér hvort hann sjálfur hafi raunverulega valið einhverja leið eða hvort hann hafi bara flotið áfram, hann bíður eftir því að verða valinn – í stað þess að velja sjálfur – en Martin er gerandi. Þrátt fyrir að hann hjálpi Emil við uppgröftinn á líkinu virðist hann ávallt hafa stjórn á eigin hegðun og hann sogast ekki inn í hina hrynjandi veröld félaga síns. Emil hugsar um hann sem pólskan kunningja sinn¹¹⁶ og skammast sín fyrir að geta ekki litið á Martin sem Íslending – honum finnst óþægilegt að hann skuli tengja framandleikann við þjóðerni. Martin er mikill besservisser og skellir fram stórum staðhæfingum um heimspekilegar spurningar; upp úr honum vellur orðaflaumur sem virðist engu að síður ígrundaðri og yfirvegaðri en vangaveltur stelpunnar. Hún er stöðugt að hugsa upphátt; Martin er að færa í orð það sem hann hefur lengi velt fyrir sér. Ég reyndi að gæta þess að orðaforði Martins væri mikill og bæri þess merki að hann læsi mikið; hann er suga á upplýsingar og Emil tekur sérstaklega fram að hann hafi gott vald á tungumálinu. Hann er á stundum nokkuð forn í máli og skýtur enn fremur inn fræðilegum hugtökum og stórum orðum á borð við „sublimation“, „avoidance“, „the collective and passive“, „participation by proxy“.¹¹⁷ Í ræðu Martins birtist einnig öryggi hans og fullvissa. Öfugt við Emil á hann auðvelt með að henda reiður á hugsunum sínum. Hann veit hvað honum finnst og hann

¹¹⁶ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 11.

¹¹⁷ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 71.

kemur því í orð. Fullvissu hans er teflt fram gegn óvissu Emils í öllum þeirra samræðum. „Þetta er *satt*, ekki kenning,“¹¹⁸ segir Martin eftir að hafa útskýrt kenningar sínar um mannskepnuna fyrir félagu sínum. Þrátt fyrir að Martin fljúgi stundum ansi hátt í samtölum þeirra gætti ég þess að hafa samræður með óformlegu sniði eins og við átti. Emil og Martin virðast hafa þekkt í einhvern tíma, líklega frá því að Emil flutti inn í íbúð afa síns á Ljósvallagötunni, en í sögunni kemur fram að þar hafi hann búið í nokkra mánuði. Innlit Martins á nóttunni eru þegar sagan hefst eini fasti punkturinn í annars óljósri tilveru Emils. Samskipti þeirra hafa þar af leiðandi tekið á sig ákveðið form og þeir þekkjast nægilega vel til að eiga nokkuð óformlegt spjall.

Þau samskipti sem stuða Emil hvað mest eru yfirheyrslan hjá lögreglunni. Miðaldra rannsóknarlögreglumaður ræðir við Emil um samband hans við stúlkuna og hæðist að honum, gerir lítið úr stúlkunni og slær hann hvað eftir annað út af laginu með ágengnum spurningum og hæðnislegum athugasemdum. Emil dofnað upp; enn og aftur bregðast orðin honum og hann sem ætlaði upphaflega að grafast fyrir um málsatvikin gerir fátt annað en að svara spurningum lögreglumannsins með stuttum setningum. Lögreglumaðurinn hefur fremur groddalegan og stuttaralegan talanda, hann er vanur því að vera í valdastöðu gagnvart þeim sem hann talar við og hann er auk þess eldri en Emil. Talsmáti hans í þýðingunni litaðist því helst af þessum þáttum. Amma hinnar látnu og húsvörðurinn eru sömuleiðis af annarri kynslóð en Emil, Martin og stelpan; orðaval ömmunnar gerði ég ívið varfærnislegara og hefðbundnara. Hún notar formleg orð á borð við „presume“,¹¹⁹ „the children’s home“¹²⁰ og „harassed“,¹²¹ sem hún í fyrstu hefur um þá

¹¹⁸ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 16.

¹¹⁹ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 125.

kynferðislegu misnotkun sem hún telur líklegt að dótturdóttirin hafi orðið fyrir. Þegar texti er skoðaður vandlega má finna nytsamlega lykla í beinni ræðu persónanna; í þessu tilviki er það ræða ömmunnar um misnotkunina sem sýnir aldur hennar og varfærni. Hér er á ferð manneskja sem segir frekar of lítið en of mikið.

„I think she was harassed,“ she then said, looking hard at the wall in front of her. „At the home ... Abused, as they say these days. Did she ever mention anything to you? It’s hard when you can’t ever be sure ...“¹²²

Þegar persónugalleríð er jafn smátt og raun ber vitni í *Rafflesíublóminu* skiptir máli að þýðandinn – líkt og höfundurinn – geri sitt besta til að draga fram sérstöðu hvers og eins; styðji við persónusköpunina með meðvituðum ákvörðunum.

9. Óvissa, upplausn og gliðnun

Sú óvissa sem sögulokin vekja endurspeglast mjög í texta og stíl sögunnar; atburðir eru véfengdir, frásagnir persóna óáreiðanlegar. Stelpan reynir vísvitandi að búa til óvissu, til dæmis með því að segja Emil ekki nafn sitt; Emil hefur aftur á móti enga þörf fyrir sýndaróvissu þar sem hann nær aldrei að festa hönd á veruleikanum. Hann á engin skýr svör, ekki einu sinni við grundvallarspurningum um sjálfan sig. Hann veit ekki hvers vegna hann erfði íbúð afa síns, veit ekki hvers vegna stelpan endaði hjá honum, veit ekki hvers vegna hann er innilokaður í þessari kyrrstæðu veröld. Staða hans gagnvart stelpunni er

¹²⁰ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 125.

¹²¹ Ibid., 125.

¹²² Ibid., 125.

óljós; þegar hann heimsækir ömmu hinnar látnu kynnir hann sig sem kærasta en veit að það er ekki rétta hugtakið. Óvissan einkennir meira að segja dauðann – frá upphafi er Emil ekki viss um að stelpa hafi verið sú sem hengdi sig í Sólfarinu, málsatvik öll eru óljós og jafnvel uppi hugmyndir um morð, það eru gloppur í frásögninni og óvissa Emils eykst þegar hann skoðar myndir af hinni látnu og reynir að tengja þær við stelpuna sem heimsótti hann. Stíll höfundarins kyndir undir þessari óvissu sem smitar út frá sér til lesandans. Þegar rýnt er í skáldsögur Steinars Braga kemur í ljós að sú veruleikagliðnun sem verður í *Rafflesíublóminu* – þetta martraðarkennda niðurbrot á vitund Emils sem og raunveruleikaskyni lesandans – er einnig til staðar í öðrum verkum hans. Þessi gliðnun á sér líka hliðstæður í táknmyndum textans; stelpa lýsir því hvernig fórnarlömb moskítóflugunnar „leysast upp í vængjaða blóðdropa og svífa burt“, „börn, bankamenn, hórur og listamenn“.¹²³ Allt stefnir í átt að niðurbroti, eiginlegu sem og óeiginlegu, enda vísar sjálf lokasetning sögunnar í upplausn líkamans: „Í gegnum formið sem leysist upp og hverfur skín guð.“¹²⁴ Emil er heltekinn af þeirri hugmynd að allt taki enda, „allt hvarf, molnaði, grotnaði, fauk burt, allir dóu“.¹²⁵ Stelpa talar um að vilja forðast þau örlög að leysast smám saman upp í kyrrstæðri tilveru; í stað þess að lenda á flóttu undan sjálfri sér segist hún frekar vilja deyja strax.

Í skáldsögum Steinars Braga hefst frásögnin gjarnan í tiltölulega kunnuglegri veröld með lögmálum sem eru ekki sérlega frábrugðin lögmálum hversdagsleikans, en smám saman er eins og myndin brenglist, fari á skjön við veruleikann. Loks er fótunum algjörlega

¹²³ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 32.

¹²⁴ *Ibid.*, 90.

¹²⁵ *Ibid.*, 84.

kippt undan lesandanum. Sjónarhornið í textanum ýmist þrengist eða víkkar gífurlega; í lokakafla *Rafflesíublómsins* fylgir lesandinn Emil sem sér „gatið í miðju alls og lét sig hverfa um það, sveif um loftið eins og laufblað, óljóst muldur, visnað form“¹²⁶ áður en hann rennur saman við líkið af stúlkunni; því næst færast sjónarhornið upp í gluggann í herberginu meðan Emil horfir niður á stelpuna fyrir framan Sægreifann, þrengist um leið og hann kemur út þannig að það eru smáatriðin sem við fáum að sjá, fituperlur á skál, augnviprur og litlar hreyfingar í andliti. Svo er aftur skipt um sjónarhorn út frá skynjun Emils: „Allar minningarnar rifjuðust upp í einum punkti sem ætlaði að þenja sig yfir heiminn eða þann litla – ógurlega, pínlega litla hluta hans sem hann sá kringum sig – fylla allt.“¹²⁷ Undir lok *Sólskinsfólksins*, þegar einhvers slags sjávarmenni hafa tekið yfir Reykjavík samtímans, upplifir Heiða eins konar skynrof þegar hún áttar sig á því hversu lítil tengsl og takmarkaðan skilning hún hefur á hinum efnislega heimi:

Þegar rafmagnið fór af borginni uppgötvaði hún hvernig heimurinn var henni óskiljanlegur; hún skildi ekkert, einföldustu hlutir voru fáránlegir – ljósapera, brauðrist, eldunarhella, kaffikanna, virkni þeirra varð eitthvað sem ævintýri eða biblíur voru skrifaðar um og þessi vanmáttur hennar gagnvart hlutunum breiddi úr sér og það síðasta sem tilheyrði einfaldleikanum í lífi hennar hvarf – bollar, flöskur, glös, kveikjarar, sígarettur, allt var þetta á einhvern hátt fáránlegt og dautt og í stöðugt örvæntingarfyllri tilraunum hennar til að hrista líf í hlutina fór hún smám saman að hverfa og niðurinn, eins og frá fossi, lagðist yfir heiminn.¹²⁸

Draumar Muggs Maístjörnu í síðasta hluta *Hins stórfenglega leyndarmáls Heimsins* eru einnig dæmi um þessa skynbreytingu og útvíkkun á sjónarhorni; geimfarinn Buzz Aldrin

¹²⁶ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 85-86.

¹²⁷ Ibid., 89.

¹²⁸ Steinar Bragi, *Sólskinsfólkið*, 184.

hugsar í draumi hans „um allt fólkið og undraðist hversu ótrúlega miklu fleiri manneskjur væru á jörðinni en þær sem væru að horfa á útsendinguna í sjónvarpinu af þeim að ganga á tunglinu“¹²⁹. Eva í *Konum* er fljót að missa tökin á eigin skynjun í þeirri martröð sem hún lendir í við komuna til Reykjavíkur, en nágrannakona hennar hefur snemma orð á því hversu erfitt Eva eigi með að greina mörkin á milli hins raunverulega og óraunverulega: „Þú hefur ekki sérlega sterkt veruleikaskyn, sýnist mér ... Það er stutt í að hlutirnir leysist upp í kringum þig“.¹³⁰ Undir lok sögunnar er engin leið að átta sig á því hvað er ímyndun, draumur, veruleiki eða skynvilla:

Stundum fannst henni eins og allt sem gerðist eða hefði gerst væri hvergi nema inni í henni sjálfri. Á tímabili fannst henni hún vera í annarri íbúð, kringlóttri sem rúllaði niður fjall. Hún hentist milli margra íbúða, var í þeim öllum á sama tíma. Hún gerði aldrei neitt. Hún sveif í miðri stofunni, miðju svefnherberginu, eða hékk niður úr loftinu við enda rúmsins, sjónarhornið niður og í vegginn, horfði á sig fölna, sléttast, hverfa í vegginn. Hún var sjónarhorn.¹³¹

Þessi upplausn er af sama meiði og sú sem einkennir síðasta hluta *Rafflesíublómsins*. Persónur sem aldrei hafa staðið sérlega föstum fótum í tilverunni renna inn í annað ástand, aðra vitund. Það sama gerist rétt fyrir sögulok í *Áhyggjudúkkum* þegar persónan Egill missir stjórn á eigin skynjun:

Allt í kring streymdi fólk og Egill átti erfitt með gang: meðvitundin sem fór í hægri fótinn virtist hafa smitast út í þann vinstri líka og hann var með skó utan á fótunum, og öll þessi meðvitund – göngulagið, hvernig þessi yfirleitt áreynslulausa hreyfing fótanna og lappanna upp og áfram – löpp fyrir löpp, hvor á eftir annarri – var samansett úr aragrúa fínlegra og nákvæmlega tímasettra

¹²⁹ Steinar Bragi, *Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins*, 270.

¹³⁰ Steinar Bragi, *Konur*, 25.

¹³¹ *Ibid.*, 212.

hreyfinga vöðva sem unnu gegn og með um liðamót brjósk sínar bein hæla tær sköflung lærlegg mjaðmagrind og gátu auðveldlega mistekist og í framhaldi skildi hann ekki hver gekk, hver samhæfði þessar hreyfingar og var að baki þessu öllu og þetta hjarta sem sló bank – bankbank – bank og blóðið út aðalstagæð og stöðuþrýstingur í blóðinu aflokað kerfi æðanna og blóðið upp hálsinn í heila út hendur og niður baklægt í líffærin [...] bein, fita, svitakirtlar, æðar, taugar, húð, sínar, liðir, hár og augnkúlur og hann, *Egill*, eins og *innan* í¹³²

Egill verður skyndilega meðvitaður um hverja einingu líkama síns og hættir að geta séð heildina, sem minnir á „uppljómun“ Emils sem eins og finnur fyrir einingum íslensks samfélags í gegnum líkið af stúlkunni. Vitund Emils er varpað út á við í gegnum líkið og landslag þess verður hið íslenska landslag.

Í *Konum* er talað um skynheildarskipti sem lokapunktur „ferlis sem miðaði að því að fólk áttaði sig á að gamalt viðmið – eitt af þeim miðlægu er bundið hefðu saman hversdaginn, jafnvel líf þess allt – stæðist ekki lengur, væri horfið, og tómið sem eftir stæði héldi bara áfram að *tæma* nema nýtt viðmið kæmi í staðinn“.¹³³ Aðalpersónur Steinars Braga eru fastar í þessu sama tómi.

10. Tími, sagnorð og samspil hugsunar og tungumáls

Innri tími sögunnar og afstaða til tíma stjórnast mikið til af notkun sagnorða. Í raun þótti mér í því tilliti auðveldara að þýða úr íslensku yfir á ensku en öfugt; í ensku er gjarnan notast við lýsingarhátt nútíðar sem á sér ekki nothæfa samsvörun í íslenskri málhefð

¹³² Steinar Bragi, *Áhyggjudúkkur*, 193-194.

¹³³ Steinar Bragi, *Konur*, 62.

nema að takmörkuðu leyti. Hann vill því þvælast fyrir þýðendum sem þýða úr ensku, en er nauðsynlegt tæki þegar þýtt er úr íslensku yfir á ensku, þar eð hann getur til að mynda táknað þrátekningu eða lengri tíma. Þar sem við notum einfalda þátíð nægir hún oft ekki til á ensku heldur verður að beita lýsingarhætti nútíðar eða nota hjálparsagnir, eins og sjá má dæmi um í eftirfarandi klausu úr *Rafflesíublóminu*:

He stopped doing everything. He'd stand by the window, make coffee or walk around the flat; switch the radio on or off, make coffee and drink it; make the most of utterly trivial actions: brushing his teeth for half an hour, spending an hour shaving, bursting into sudden laughter at a perching bird sitting on a branch in the cemetery.¹³⁴

Tíðir sagnorða eru afskaplega stór þáttur í því hvernig við skynjum tímann; framtíð, fortíð og nútíð, varanleika, endanleika, hið mögulega. Sagnorð skýra tímaás sögu. Líkt og Steiner segir eru það engir Whorfískir draumórar að halda því fram að notkun okkar á tíma markist aðallega af málfræðilegri uppbyggingu viðkomandi sagnar. Ólík menningarsamfélög virðast notast við og lifa í ólíkum skilningi á tíma eða í það minnsta hafa mismunandi hugmyndir um hann.¹³⁵ Tungumálið er tæki sem við notum til að orða hugsun okkar, setja atburði í samhengi, eiga samskipti hvert við annað. Hvort sem maður gengst inn á Sapir-Whorf-kenninguna um tungumálið sem algjört mótunarafl skilnings eður ei hlýtur það að liggja í augum uppi að það hvernig hugsun okkar og umhverfi er fært í orð á móðurmáli okkar (og þeim málum sem við síðar lærum) er ekki einstefnuferli. Hugsunin mótar málið, málið hugsunina. Hin svokallaða vægari útgáfa af Sapir-Whorf-kenningunni gengur út á það að málfræði geri merkingu mögulega og setji enn fremur

¹³⁴ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 112.

¹³⁵ Steiner, *After Babel*, 137.

skorður við merkingunni. Málfræðileg uppbygging tungumáls afmarkar það svæði sem við höfum til að setja á svið hið menningarlega sjálf.¹³⁶ Í þýðingarferlinu reyndi ég að gæta þess að raska ekki tímaás sögunnar og hafa mállega afstöðu til tíma mjög skýra.

11. Orðaleikir og tvíræðni

Í textanum er ekki mikið um orðaleiki eða tvíræð orð. Í fjórða kafla eiga þó Emil og stelpan langt samtal um moskítóflugur og stelpunni verður tíðrætt um „ranann“ á þeim. Emil kemur með hæðnislegt innskot um að stelpur séu vanar því að láta stinga inn í sig rana. Í þýðingunni ákvað ég að nota orðið „pricks“, sem hefur tvíræða merkingu og bætir raunar þriðja merkingarsviðinu við.

„I picture their pricks having just come out of a rat or a dead dog before entering me ...“

[...]

„I thought women were used to it,“ Emil said.

„Used to what?“

„Being penetrated by pricks.“¹³⁷

Á næstu blaðsíðu þýði ég síðan orðið „karlpungur“ sem „prick“, sem undirstrikar enn frekar samlíkingu Emils.

Ég lenti skiljanlega í nokkru basli með setninguna „*Reykjavík – byggð af vanefnum úr þakefnum*“¹³⁸ en gat snúið mig út úr því með því að púsla saman annars konar orðaleik

¹³⁶ Katan, *Translating Cultures*, 74.

¹³⁷ Steinar Bragi, *The Rafflesia Flower*, 89.

¹³⁸ Steinar Bragi, *Rafflesíublómið*, 73.

út frá orðinu „corrugated“: „Reykjavík – made of corrugated iron by incorrigible people.“¹³⁹ Þarna er merkingin ekki sú sama en hæðnistónninn kemst til skila sem og uppspretta setningarinnar, það er að segja orðanna hljóðan.

12. Viðtökur

